



Ársskýrslur aðildarfélaga

Krabbameinsfélags Íslands
21.5.2022

Í Krabbameinsfélagi Íslands er 20 svæðafélag og 5 stuðningshópar. Félögin gegna öll mikilvægu hlutverki í stuðningi við fólk með krabbamein, fræðslu og forvarnir.

Efnisyfirlit:

Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögunum.....	2
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	3
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	14
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	15
Krabbameinsfélag Snæfellsness	17
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	18
Krabbameinsfélagið Sigurvon	20
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs.....	22
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.	24
Krabbameinsfélag Skagafjarðar	26
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.....	28
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga.....	36
Krabbameinsfélag Norðausturlands	37
Krabbameinsfélag Austurlands	38
Krabbameinsfélag Austfjarða.....	39
Krabbameinsfélag Suðausturlands	42
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	43
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu	44
Krabbameinsfélag Árnessýslu.....	45
Krabbavörn Vestmannaeyjum.....	50
Krabbameinsfélag Suðurnesja.....	52
Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna.....	55
Framför – félag BHKK greindra	57
Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein	62
Ný rödd.....	62
Stómasamtök Íslands.....	74

Fjöldi félagsmanna í aðildarfélögunum

Félag	Fjöldi félagsmanna	Fjöldi fulltrúa
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins	1220	6
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis		
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	230	2
Krabbameinsfélag Snæfellsnes	100	1
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	30	1
Krabbameinsfélagið Sigurvon	384	2
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	0	1
Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu	200	1
Krabbameinsfélag Skagafjarðar	400	1
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	1562	6
Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga	342	2
Krabbameinsfélag Norðausturlands	86	1
Krabbameinsfélag Austurlands	161	1
Krabbameinsfélag Austfjarða	541	3
Krabbameinsfélag Suðausturlands	0	1
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	48	1
Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu	0	1
Krabbameinsfélag Árnessýslu	305	2
Krabbavörn Vestmannaeyjum	563	3
Krabbameinsfélag Suðurnesja	900	5
Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	100	1
Framför	50	1
Kraftur	985	5
Ný rödd	22	1
Stómasamtök Íslands	300	2
Samtals	8529	51



Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins

Stofnað: 8.mars 1949

Fjöldi félagsmanna: 1220

Stjórn:

Formaður: Árni Einarsson

Varaformaður: Ásgerður Sverrisdóttir

Gjaldkeri: Jón L. Árnason

Meðstjórnendur: Arnar Hauksson, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Magnús Gunnarsson,
Þórunn Sævarsdóttir

Varamenn: Gestur Svavarsson, Vala Smáradóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir
(ritari)

Framkvæmdastjóri er Guðlaug B. Guðjónsdóttir

Stjórn og starfsmenn

Stjórnarfundir voru átta milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri funduðu eftir þörfum.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri í fullu starfi. Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur veitir einstaklingum ráðgjöf varðandi tóbaksvarnir.

Félagsmenn eru 1.220, ævifélagar eru 32 og heiðursfélagar 15.

Heimsfaraldurinn

Kórónuveirufaraldurinn raskaði áfram starfsemi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins allt starfsárið eins og svo víða annars staðar. Ýmsum verkefnum var frestað eða breytt en nýjar leiðir og lausnir í samskiptamálum hafa hjálpað mikið til við að halda ýmissi fræðslustarfsemi í gangi og fundarhöldum.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá því í mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagráð sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Þrír aðalmenn eru tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands og tveir af Krabbameinsfélagi Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur skyldi vera starfsmaður ráðsins. Hlutverk ráðsins á að vera að marka stefnu í fræðslumálum Krabbameinsfélagsins og leggja fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun þar sem gerðar eru tillögur um helstu verkefni komandi árs. Ráðið starfaði ekki á starfsárinu.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Formenn félaganna hafa verið með málið í vinnslu en endurskoðun samnings er ekki lokið.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Vinna við stutt árveknisskilaboð fyrir samfélagsmiðla er nánast tilbúin. Með skilaboðunum á að koma á framfæri við almenning ávinningi af ýmsum hollum lífsháttum sem skipta máli, t.d. varðandi krabbameinsáhættu og mikilvægi skimana. Skilaboðin eru myndskreytt og byggð á European Code Against Cancer – tólf leiðir til að draga úr líkum á krabbameini. Aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins verður boðið að nýta skilaboðin á sínum félagssvæðum. Nokkrir

einstaklingar utan félagsins voru fengnir til að gefa álit á skilaboðunum. Góðar athugasemdir bárust frá þeim.

Í tilefni af sextíu ára afmæli félagsins, árið 2009, og út árið 2016, lagði félagið áherslu á að fræða almenning um ristilkrabbamein. Yfirskrift átakshópur, haldin voru málþing og ráðstefnur, og fræðslumynd var gerð. Ristilfélagið var stofnað (hefur því miður ekki starfað að undanförunu), ályktanir og áskoranir lagðar fram og afmæliskort til fimmtugra („Gefðu þér góða afmælisgjöf“) voru send út í nokkur ár til að minna á mikilvægi ristilkrabbameinsleitar. Tilgangurinn var að vekja athygli á ristilkrabbameini og hvetja fólk til að vera vakandi fyrir einkennum og hvetja stjórnvöld til að sem fyrst verði hafin skipuleg leit að sjúkdómnum. Auknar fyrirspurnir komu bæði til Ráðgjafarþjónustunnar og til lækna í kjölfar útsendingar kortanna. Eftir árið 2016 vorum við viss um að stutt væri í skipulega skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini og útsending kortanna var hætt (sem var ekki að okkar ósk).

Helgi Birgisson yfirlæknir hjá Krabbameinsskránni kom á fund hjá stjórninni á starfsárinu. Helgi hélt erindi um áskoranir og nýjar leiðir í skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini. Einnig fórum við með Helga yfir hvernig aðkoma Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins gæti orðið.

En loksins virðist hilla undir það að skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini sé að verða að veruleika. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var af heilbrigðisráðherra falið sl. haust að byrja undirbúning. Umsjón skimana verður hjá Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana.

Fræðsluefni um krabbamein og kynlíf er tilbúið en það er sérstaklega miðað við þá sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandendur þeirra. Fræðsluefnið er að grunni til breskt (frá Prostate Cancer UK) og þýtt og staðfært. Við fengum góða aðstoð við aðlögun efnisins að íslenskum aðstæðum frá þvagfærasérfræðingum og hjúkrunarfræðingum á þvagfæraskurðeild og göngudeild krabbameina á Landspítalanum. Fræðsluefnið er unnið í samstarfi við Framför/Góða hálsa og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Velunnarasjóður Krabbameinsfélagsins styrkti að hluta verkefni þetta. Í júní sl. voru sýndar á samfélagsmiðlum klippur með völdum skilaboð úr fræðslumyndinni „Karlamein – um krabbamein í blöðruhálskirtli“. Samkvæmt niðurstöðum herferðarinnar náðu skilboðin tæplega 94.000 einstaklingum (40 ára og eldri).

Áfengi er einn mikilvægasti áhættuþátturinn fyrir mörg krabbamein. Félagið fékk styrk úr Lýðheilsusjóði til að vinna fræðsluefni um krabbamein og áfengi. Verkefnið er unnið í samráði við Krabbameinsfélag Íslands. Fræðsluspjall Árna formanns og Laufeyjar Tryggvadóttur framkvæmdastjóra Krabbameinsskrárinnar um krabbamein og áfengi er á vef Krabbameinsfélagsins.

Nýlega er frágengið veffræðsluefnið „Fimm staðreyndir um áfengi og krabbamein“ en efni þetta var gefið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni á síðasta ári. Hver staðreynd verður nýtt á næstunni sem skilaboð á samfélagsmiðlum.

Verkefninu „Þurr janúar“ var hleypt af stokkunum í desember sl. Markmið þess er að hvetja þá sem nota áfengi til að endurmeta sína neyslu og viðhorf til áfengis, t.d. með því að sleppa allri áfengisneyslu í einn mánuð á ári. Verkefnið er samstarfsverkefni FRÆ (Fræðsla og forvarnir),



IOGT á Íslandi og Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Sett var upp sérstök vefsíða, www.eiginheilsa.is, og keyptur aðgangur að skosku smáforriti (appi) sem hefur verið í notkun í nokkur ár. Jákvæðar hvatningar voru birtar nánast daglega í janúar 2022 á fésbókarsíðu verkefnisins og margir deildu þeim áfram. Fréttablaðið birti stórt viðtal í janúar við framkvæmdastjóra FRÆ sem jafnframt er formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Verkefnið gekk vel og þátttaka varð góð. Áfram verður unnið við að bæta fræðsluefni inn á vefsíðuna og nú er verið að semja um áframhaldandi afnot af appinu í samstarfi við fleiri aðila á hinum Norðurlöndunum.

Aftur og aftur koma fram frumvörp sem miða að því að auka aðgengi að áfengi, t.d. með sölu á framleiðslustað, vefverslun, afnámi banns við heimabruggun o.fl. Öll þessi frumvörp ganga þvert á öll forvarnasjónarmið, vegna þess að það er viðurkennt að með auknu aðgengi eykst neyslan. Nokkur forvarnarfélög, m.a. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, og einstaklingar, sem láta sig forvarnir varða hafa um nokkurn tíma haft reglulegt samráð um hvernig bregðast skuli við þessum aukna þrýstingi. Umsagnir voru sendar um frumvörp um breytingar á áfengislögum þar sem við árétum tengsl áfengis og krabbameins og mikilvægi góðra forvarna. Mjög er orðið þarft að gerð sé heildstæð stefna í áfengisforvörnum.

Fræðslurit Krabbameinsfélagsins í nýja forminu eru átta talsins en mörg rit eru til viðbótar eingöngu á vefsíðu Krabbameinsfélagsins svo og annað fræðsluefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur látið útbúa eða aðstoðað við með yfirlestri og fleiru. Fræðsluritið „Brjóstakrabbamein – Algengasta krabbamein kvenna“ var endurgert á starfsárinu.

Tóbaksvarnir o.fl.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur gegnum árin staðið fyrir reykleysisnámskeiðum en engin námskeið hafa verið haldin að undanförmum þar sem fáar beiðnir koma þar um. Ingibjörg K. Stefánsdóttir svarar fyrirspurnum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Félagið hefur unnið náið með Ráðgjöf í reykbindindi (Reyksímanum á Húsavík) og beindi fyrirspurnum um aðstoð til ráðgjafanna þar. Því miður var þjónustu Ráðgjafar í reykbindindi sagt upp frá síðustu áramótum. Krabbameinsfélagið og þá sérstaklega Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sem hefur um árabil sinnt tóbaksvörnum hafa átt mjög farsælt samstarf við starfsfólk Ráðgjafar í reykbindindi sem eru okkar mestu sérfræðingar í reyk- og tóbaksbindindi. Við höfum lengi vel vísað þeim sem til okkar leita varðandi aðstoð við að hætta tóbaksnotkun til Ráðgjafar í reykbindindi. Sérstaklega þegar „Hætta reykja“ námskeiðum félagsins fækkaði. Jóhanna Kristjánsdóttir, verkefnastjóri þjónustunnar, hefur komið að sem sérlegur ráðgjafi og sinnt fræðslu við hin ýmsu verkefni sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur sinnt í tóbaksvörnum. Má þar nefna átak í Mottumars fyrir nokkrum árum, þátttöku í verkefnahópi um í að vinna sérstaklega með ófrískar konur sem nota tóbak (og þeirra maka), verkefnið „Nýtt líf án tóbaks“ sem unnið var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðstoð og fræðslu á námskeiðum um rafsígarettunotkun í grunn- og framhaldsskólum. Nýtt samstarfsverkefni Krabbameinsfélagsins og Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins er í undirbúningi til að þjálfa upp pólskan leiðbeinanda til að hjálpa reykjandi Pólverjum að hætta að reykja (nota tóbak). Vitað er að reykningar eru mjög útbreiddar í pólsku samfélagi. Til stendur að bjóða upp á námskeið í að hætta að reykja (nota tóbak). Síðan var það hugsað að Ráðgjöfin gæti nýtt þennan pólska leiðbeinanda í að svara pólskum fyrirspurnum sem kæmu í reyksímann.

Félagið stóð fyrir nokkrum árum að verkefninu „Nýtt líf án tóbaks“ í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fl. þar sem útbúnaðar voru stuttar fræðslumyndir sem miða að því að aðstoða ófrískar konur í að hætta að nota tóbak og/eða nikótín. Ráðgjöf í reykbíndindi tók að sér að sinna beiðnum frá heilsugæslunni varðandi ófrískar konur. Það er aðstoð, sem er mjög sérhæfð, og byggir á löngu skjólstaðingasambandi. Stjórn Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins sendi bréf í desember sl. til Ölmú Möller landlæknis og Dóru Guðrúnar Guðmundsdóttur sviðstjóra lýðheilsusviðs Embættis landlæknis þar sem við létum í ljós miklar áhyggjur að þessi þjónusta yrði ekki í boði eftir áramót fyrir varðandi mæður sem vilja hætta að nota tóbak á meðgöngunni og vonandi til frambúðar. Og hver myndi sinna þeim skjólstaðingum sem voru í þjónustu Ráðgjafarinnar? Hvert munu beiðnir um aðstoð frá læknum og ljósmæðrum heilsugæslunnar fara? Einnig hafði stjórnin af því áhyggjur að sú sérhæfða meðferð og aðstoð sem starfsfólk Ráðgjafar í reykbíndindi hafa boðið upp á tapist því að baki starfsemi þeirra liggur margra ára (áratuga) reynsla og þekking. Ekki var heldur óskað eftir þjónustu starfsfólksins við yfirfærslu verkefnisins til þróunarmiðstöðvar heilsugæslunnar. Ekkert svar barst frá Embættinu við spurningum og vangaveltum félagsins.

Félagið hefur boðið aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands aðstoð ef þau vilja standa fyrir reykleysisnámskeiðum á sínum félagssvæðum.

Undanfarið ár hafa nikótínþúðar, sem engin lög og reglugerðir ná ennþá yfir, verið markaðssettir grímt á vefsíðum og samfélagsmiðlum í aðlaðandi umbúðum og jafnvel með bragðtegundum sem höfðu til yngri kynslóða. Sölustaðir eru fjölmargir og ekkert eftirlit er með þeim né sölu á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Hægt er að fá þúðana með mjög miklu nikótíninnihaldi - langt umfram aðrar nikótínvörur sem seldar eru á íslenskum markaði og falla undir lög og reglugerðir. Markaðssetning á þúðunum er mjög keimlík þeirri sem var með rafsígarettur og vökvana.

Félagið sendi inn umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda varðandi frumvarp um breytingar á lögum um rafsígarettur og nikótínvörur. Því miður náði frumvarpið ekki í gegnum þingið í fyrravor en búið er að leggja það fram aftur núna á vorþingi. Við fögnum því að í nýju frumvarp eru ákvæði sem félagið lagði mikla áherslu á í sínum umsögnum sem takmarka hvar megi nota nikótínþúða og ákvæði um að banna bragðefni sem höfðu til barna og ungmenna. Einnig sendum við inn umsögn í samráðsgáttina vegna innleiðingar Evrópulöggjafar í tóbaksvörum.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og fleiri létu Gallup gera könnun í nóvember 2021 varðandi viðhorf til nikótínþúða, til sölu tóbaks, nikótínvara og áfengis á netinu. Um 70% svarenda notuðu ekkert nikótín í neinu formi (þúðar, sígarettur, neftóbak, rafsígarettur eða annað) en þessi tala var 79% árið áður. Aukningin er nánast alfarið vegna nikótínþúðanna. Mesta notkun þúðanna er í aldurshópnum 18-24 ára, um 20%. Þeir sem voru andvígir því að tóbak sé selt á netinu voru 66%, 61% var andvígur því að nikótínvörur (s.s. þúðar og rafsígarettur) væru seldar á netinu en 44% gagnvart áfengi.

Framhald á fræðsluverkefni okkar varðandi rafsígarettur í 10. bekkjum grunnskóla á landsbyggðinni hefur verið í bið vegna veirufaraldursins. Notkun rafsígarettanna hefur minnkað mjög mikið eftir að lög um þær tóku gildi en á móti hefur notkun á nikótínþúðum aukist gríðarlega. Í skoðun er margvíslegt samstarf við FRÆ og Ungmennafélag Íslands varðandi útbreiðslu, aðgengi og viðhorf til reyklauss tóbaks. Með samstilltu átaki og breiðri nálgun

samstarfsaðila viljum við vinna að því að koma böndum á þennan vágast sem reyklaust tóbak er, sérstaklega meðal ungs fólks og tryggja þann góða árangur sem hefur náðst í tóbaksvörnum.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar átti í mörg ár samstarf við Hafnarfjarðarbæ og vann dyggilega að forvörnum gegn tóbaksneyslu barna og ungmenna sem að sjálfsögðu var framhaldið undir nafni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Áherslan beinst að munntóbaksforvörnum og fræðslu um rafsígarettur og nikótínþúða. Hin góða fyrirmynd, Jón Ragnar Jónsson tónlistar- og fjölmiðlamaður, hefur séð um þessa fræðslu fyrir nemendur í 8. bekk í Hafnarfirði.

Eftirlitshlutverk varðandi rafsígarettur og varning tengdan þeim er núna hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (var áður Neytendastofa). Við leitum reglulega eftir upplýsingar um stöðu mála varðandi eftirlitið og höfum verið ánægð með hversu vel þessu hlutverki er sinnt.

Í tilefni af alþjóðlega tóbakslausa deginum 31. maí 2021 létum við þýða efni í alþjóðlegri herferð Evrópusambandsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), „Einsettu þér að hætta“, 100 ástæður til að hætta nota tóbak.

Félagið er búið að láta þýða nýtt fræðsluefni frá evrópsku tóbaksvarnarsamtökum (ENSP, European Network for Smoking and Tobacco Prevention). Fræðsluefnið er um tóbaksnotkun og krabbamein og mikilvægi þess að hætta reykingum. Þegar efni þetta verður tilbúið fer það á vef Krabbameinsfélagsins.

Guðlaug svaraði árlegum spurningalista frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um ýmislegt er snýr að tóbaksvörnum á Íslandi.

Norræn félagasamtök í tóbaksvörnum funda reglulega og hafa með sér margvíslegt samráð. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í þessu samstarfi, sem hefur verið ákaflega gefandi. Á starfsárinu hafa verið tveir rafrænir fundir þar sem Guðlaug hefur verið með innlegg um stöðu tóbaksvarna á Íslandi.

Guðlaug var með erindi um stöðu Íslands varðandi tóbaksvarnir á stórrí samskiptum rafrænni tóbaksvarnarráðstefnu í september sl.

Guðlaug situr í fagráði landlæknis um tóbaksvarnir og skilar umsögnum um umsóknir í Lýðheilsusjóð sem tengjast tóbaksvörnum.

„Hættan er ljós“

Átján ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst, en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefnan hefur verið að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun af Gallup fyrir átakshópinn á ljósabekkjanotkun landsmanna og haldið er áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Á þessu tímabili hefur dregið verulega úr notkun ljósabekkja. Mælingar frá 2021 sýna að hlutfall fullorðinna sem notað höfðu ljósabekki einu sinni eða oftar er um 6%, miðað við 11% árið 2019. Hlutfallið hefur ekki verið lægra frá því að árlegar kannanir hófust árið 2004 en þá höfðu um 30% fullorðinna notað ljósabekki í einhverjum mæli síðustu 12 mánuði. Kannanirnar sýna einnig að ljósabekkjanotkun ungmenna, 18–24 ára, hefur minnkað töluvert undanfarin ár, þó hún sé mest í þessum aldurshópi eða um 21%. Árið 2004 höfðu um 38% aðspurðra notað ljósabekki í einhverjum mæli síðustu 12 mánuði.

Í könnuninni var ennfremur spurt hvort viðkomandi hefði brunnið af völdum sólar eða ljósa-bekkja á síðastliðnum tólf mánuðum. Með bruna er átt við að roði myndist á húð ásamt því að sviði sé til staðar. Um 88% þeirra sem svöruðu árið 2021 höfðu ekki brunnið sem er sama niðurstaða og árið áður og það lægsta frá árinu 2013, þegar þessi spurning var fyrst lögð fyrir. Þá var hlutfallið 73%.

Guðlaug hefur svarað erlendum fyrirspurnum og könnunum í samstarfi við Geislavarnir ríkisins.

Bleiki mánuðurinn

Málþing um brjóstakrabbamein var haldið í húsi Krabbameinsfélagsins 20. október 2021 á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpur kvenna, Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Yfirskrift málþingsins var „Verum til“ sem var slagorð bleika mánaðarins. Á málþinginu ræddi Helgi Birgisson yfirlæknir á Rannsókn- og skráningarsetri Krabbameinsfélagsins um horfur íslenskra kvenna með brjóstakrabbamein, Hrefna Stefánsdóttir sérfræðingur á Rannsókn- og skráningarsetri Krabbameinsfélagsins sagði frá mikilvægi gæðaskráningar, og þær Ólöf Kristjana Bjarnadóttir krabbameinslæknir á Landspítalanum og Svanheiður Lóa Rafnsdóttir brjóstaskurðlæknir á Landspítalanum fjölluðu um brjóstaheilsu á tímamótum, mikilvægi skimunar, reynslu erlendis og aðgengi að sérfræðingsþjónustu og framtíðarsýn. Í lokin var Lára Guðrún Jóhannudóttir, andlit árverknisátaksins 2021, með reynslusögu. Fundarstjóri var Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Málþinginu var einnig streymt.

Horfur eftir greiningu brjóstakrabbameins hér á landi hafa verið mjög góðar en vísbendingar eru um að Ísland sé að dragast aftur úr miðað við hin Norðurlöndin. Á þinginu var eftirfarandi áskorun til heilbrigðisyfirvalda samþykkt:

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein kvenna á Íslandi. Í hverri viku greinast fjórir til fimm einstaklingar með brjóstakrabbamein, langflestir eru konur, 235 á hverju ári. Að meðaltali deyja 50 konur hér á landi á ári úr brjóstakrabbameini. Til að lækka dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins og minnka líkur á endurkomu þess er mikilvægt að greina krabbameinin á byrjunarstigi. Þátttakendur málþingsins „Verum til“ skora á heilbrigðisyfirvöld að setja brjóstaheilsu í forgang,

Í því felst til dæmis:

Að tryggja að aðgengi fólks sem hefur einkenni í brjóstum að sérhæfðri skoðun sé gott og ferlið, frá því einkenni koma fram, þar til rannsókn er gerð, sé skýrt og einfalt.

Að unnið sé markvisst að því að auka þátttöku kvenna í skimunum fyrir brjóstakrabbameinum, til dæmis með skipulagðri hvatningu til kvenna, að skimun sé ókeypis og að gott aðgengi sé að henni í nærumhverfi. Vel skipulögð og framkvæmd skimun bjargar mannlífum og lækkar dánartíðni um 20-30%.

Við búum í fámennu landi sem ætti að gera okkur auðveldara að búa til kerfi þar sem fólkið og bætt þjónusta við það er í forgrunni.

Stór hluti þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein eru hraustir einstaklingar í blóma lífsins. Mikið er í húfi að greina meinin sem fyrst, sem eykur líkur á að þeir lifi áfram góðu lífi.

Sofnum ekki á verðinum, tökum brjóstaheilsu alvarlega.



Skógarganga

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar buðu til skógargöngu 2. nóvember 2021. Safnast var saman við Gróðrarstöðina Þöll við Kaldárselsveg og þaðan gengið um skógarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Við upphaf göngunnar flutti Magnús Gunnarsson ávarp og síðan var Steinar Björgvinsson skógfræðingur með leiðsögn um skóginn. Ýmsar kynjaverur urðu á vegi göngufólks og hrollvekjandi hljóð heyrðust víða. Að göngunni lokinni var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar.

Nemendur, skólar o.fl.

Formaður og starfsfólk félagsins aðstoðar nemendur, kennara framhaldsskóla og háskóla og fleiri við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, stendur að ýmsum verkefnum í forvörnum svo sem fræðsluverkefni um kannabis og fræðsluverkefni sem tengist útisamkomum og frítíma fólks. Alls 25 samtök standa að SAFF. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólíkri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn samtakanna.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, í samstarfi við Fræðslu of forvarnir og SAFF, hefur undanfarin fimm ár staðið, ásamt fleirum, meðal annars, að því að kanna notkun á rafsígarettum og nikótínþúðum og viðhorf til þeirra meðal Íslendinga 18 ára og eldri. SAFF sendir inn umsagnir um hin ýmsu frumvörp sem varða forvarnir; svo sem áfengi, tóbak og nikótínvörur.

Vefsíðumál og samfélagsmiðlar

Féskráarsíða Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins er notuð til að koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess. Umræða hefur verið í stjórn um að félagið láti gera sína eigin vefsíðu og nýti sér betur ýmsa samfélagsmiðla.

Stuðningur við sjúklinga

Einn stuðningshópur starfar núna undir verndarvæng Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Þetta starfsár hafa samskiptin vegna covid að mestu verið símleiðis og í tölvupóstum. Stuðningshópurinn hefur notið góðrar aðstoðar og stuðnings Reynis Tómasar Geirssonar, sérfræðings í kvensjúkdómum og fyrrverandi prófessors.

Ekki hefur verið hægt að fara af stað vegna covid með verkefnið Feel+ sem byrja átti vorið 2020. Verkefnið er sérsníðið fyrir karla sem eru með krabbamein í blöðruhálskirtli og eru á andhormónameðferð. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins, Góðir hálsar og Landspítali, standa saman að verkefninu. Styrkur fékkst úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins til að koma verkefninu á laggimar.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðslu- og fundarefnis, fréttabréf, árskýrslna, yfirllestur og fleira. Stómasamtökin héldu upp á 40 ára afmæli sitt sl. haust. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins styrkti samtökin með fjárhæð til fræðslustarfs.

Happdrættið

Tekjum af happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur í sextíu og sex ár verið varið í fræðslu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir hafi lengi vel byggst að miklu leyti á happdrættisfé og óumdeilt er að happdrættið á ríkan þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tilbaksvörnum síðustu áratugi.

Heildarsala happdrættismiða í happdrættunum 2021 var lakari en árið á undan og munaði þar helst um að greiðsla heimsendra miða var minni. Ýmsar ástæður geta tengst því að greiðslur fyrir heimsenda miða voru lakari en árið áður. Tekjulega séð komu happdrættin þó betur út þar sem verð á miða hækkaði úr 1.750 kr. í 2.000 kr. Vinningsbíll var til sýnis í sumarhappdrættinu eina viku í Smáralind og í jólahappdrætti í Kringlunni. Kynning og auglýsingar voru í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Sala miða í netverslun Krabbameinsfélagsins er góð viðbót og jókst milli ára. Sala happdrættismiða til fyrirtækja var hjá fyrirtækinu Markaðsráði. Póstburðargjöld eru verulega íþyngjandi og alltaf þarf að taka útsendingarhópinn sérstaklega til skoðunar.

Í desember tók Jóhannes Tómasson fyrrverandi formaður félagsins viðtöl annars vegar við okkar elsta félagasem jafnframt er stofnfélagi, Ingvaldi Valdimarsdóttur. Hún hefur alla tíð borgað happdrættismiðana sína og stutt við Krabbameinsfélagið á ýmsan hátt. Hins vegar tók Jóhannes viðtal við hjón á níræðisaldri, Ólaf Tómasson og Stefaníu Maríu Pétursdóttur, sem leysa jólagjafakaup handa afkomendum með því að kaupa happdrættismiða Krabbameinsfélagsins.

Stjórn félagsins er byrjað að skoða ýmsa möguleika varðandi sölufyrirkomulag happdrættismiða. Verður það gert í samvinnu við fleiri.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð um rúmar þrjár milljónir króna (3.284.380 kr). Kostnaður við fræðslustarfsemi var rúmar 19 milljónir króna. Árið 2021 skilaði happdrættið félaginu rúmunum 24 milljónum króna í tekjur. Aðrir tekjuliðir, eru félagsgjöld, styrkir, auk vaxtatekna sem hafa lækkað mikið.

Samstarf við ýmsa aðila

Snertifletir Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélags Íslands eru fjölmargir. Magnús Gunnarsson stjórnarmaður okkar situr í stjórn Krabbameinsfélags Íslands og er mikilvægur tengiliður á milli félaganna. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fylgist vel með þróun mála hjá Krabbameinsfélagi Íslands og aðildarfélögum þess og leggur lið eftir mátti.

Gjaldkeri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, Jón L. Árnason, var fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Það á að hafa það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa. Ráðið hefur ekki verið starfandi undanfarin ár og er það miður. Mjög mikilvægt er að það sé virkt til að vinna að því að forðast skörun í fræðsluátökum og fjársöfnunum aðildarfélagasem Krabbameinsfélags Íslands. Beiðni þess eðlis kom upp á formannafundi í desember sl.

Aukaformannafundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í apríl 2021. Fundarefnið var aðstöðuleysi dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga á Landspítala og mögulega aðkomu

félagsins að lausn. Formannafundur var haldinn í september í netheimum þar sem farið var yfir verkefni haustsins og vetrarins. Á rafrænum formannafundi um miðjan desember var farið yfir stefnumótun Krabbameinsfélags Íslands og nokkrar tillögur að breytingum lagðar fram. Aðildarfélög kynntu hvað væri helst á dagskrá hjá þeim.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 19. maí 2021 á Selfossi í tilefni 50 ára afmælis Krabbameinsfélags Árnessýslu. Á aðalfundinum var samþykkt:

.... að styðja við Landspítala og heilbrigðisþjónustu á Íslandi með myndarlegum hætti, almenningi til heilla. Stuðningurinn felst í að félagið veiti 350 milljónum af eigin fé auk allt að 100 milljóna úr sérstakri fjárflokkun til uppbyggingar nýrrar dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga á Landspítalanum.

Stuðningurinn er háður því að stjórnvöld leggist á árar með félaginu og Landspítalanum og setji bygginguna í forgang, þannig að hægt verði að taka nýja deild í notkun árið 2024.

Árið 1951 beitti stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur sér fyrir því að stofnað yrði landsamband krabbameinsfélaga. Krabbameinsfélag Íslands varð því 70 ára í júní 2021. Í tilefni þess ákvað stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins að færa húsinu að Skógarhlíð að gjöf hjartastuðtæki.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, hefur aðstoðað við afleysingar í sumarfrí starfsmanna, við útgáfumál o.fl. og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins mun áfram styðja starfsemi eftir bestu getu.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins á 15% í húseigninni að Skógarhlíð 8.

Guðlaug situr í stjórn Almannaheillasamtakanna sem fulltrúi Krabbameinsfélags Íslands og er gjaldkeri í samtökunum. Frumvarp um Almannaheillafélög sem Almannaheill hefur barist fyrir um árábil var loks samþykkt á Alþingi vorið 2021. Einnig var á þinginu samþykkt frumvarp um breytingar á skattalögum sem meðal annars heimilar einstaklingum og fyrirtækjum sem styrkja almannaheillafélög að draga styrki og gjafir til þeirra frá skattskyldum tekjum sínum og undanþágu greiðslu tekjuskatts og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins var skráð á almannaheillaskrá Skattsins í desember sl. en sú skráning er forsenda þess að styrkjendur geti dregið styrki/gjafir til félagsins frá skattskyldum tekjum sínum. Mikil starfsemi er með m.a. áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en Almannaheill eru með samning við forsætisráðuneytið um kynningu á markmiðunum fyrir félagasamtök og verkefni varðandi samfélagslega nýsköpun. Almannaheill hefur húsnaði afnota sem er í eigu Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa. Hefur það gjörbreytt miklu í starfsemi Almannaheilla.

Stjórn félagsins fékk kynningu frá Kristínu Skúladóttur hjúkrunarfræðings og verkefnastjóra á Landspítala um stöðu gagnvirkur vefsíðunnar fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra. Félagið styrkti þetta verkefni fjárhagslega árið 2018.

Guðlaug situr í stjórn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og SAFF.

Félagið hefur átt gott samstarf við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, starfsmenn Fræðslu og forvarna (FRÆ), Ungmennafélags Íslands, IOGT og fleiri. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka og Advania varðandi happdrættið og fleira.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er ásamt nokkrum forvarnarsamtökum (IOGT, FRÆ, Foreldrasamtökin gegn áfengisauðlýsingum) og einstaklingum þátttakandi í samstarfshópi um forvarnir. Hópurinn ræðir saman um opinbera stefnumörkun í ávana- og vímuefnamálum og hafa samráð um þau þingmál sem koma fram. Hópurinn ákvað að kanna hug og þekkingu frambjóðenda í Alþingiskosningum í september sl. Spurningar voru sendar tveimur efstu frambjóðendum á hverjum lista í öllum kjördæmum auk þeirra sem líklegt var talið að næðu kjöri samkvæmt fyrirbyggjandi skoðanakönnunum, samtals um 100 frambjóðendum. Um 30 svör bárust. Niðurstöður sýndu t.d. vanþekkingu á tengslum áfengis og afleiðingum neyslunnar á samfélagsvanda og sjúkdóma. Meirihluti svarenda virtust jákvæðir til að styðja frumvarp um nikótínvörur þegar það kæmi fram.

Lokaorð

Heilbrigðisvandi vegna ýmissa langvinnra sjúkdóma hefur farið vaxandi og leitt til aukins álags á heilbrigðiskerfið á síðustu áratugum. Talið er að þessir sjúkdómar valdi um 70% dauðsfalla í heiminum á ári hverju og að tengja meg slíka sjúkdóma að mestu við þá lífshætti sem Vesturlandabúar hafa tamið sér á síðustu áratugum. Það er því engin furða þótt flest ríki reyni eftir mátti að vinna gegn því tjóni sem ákveðnir lífshættir valda. Þar er Ísland engin undantekning, að minnsta kosti í orði kveðnu. Til þess að mæta þessu eru forvarnir og heilsuefling sterkasta vopnið, hvort heldur litið er til lífsgæða fólks almennt eða efnahagslegra sjónarmiða.

Krabbamein eru orsök flestra ótímabærra dauðsfalla á Íslandi og spár benda til að krabbameinstilvikum muni fjölga um 28% á næstu 15 árum hér á landi vegna fólksfjölgunar og hækkandi meðalaldurs. Um þriðjungur Íslendinga fær krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni og yfir fjórðungur dánarmeina er af völdum krabbameins.

Margt hefur samt áunnist. Meðal annars hafa lífshorfur fólks með krabbamein á Íslandi batnað mjög mikið og stórlega hefur dregið úr reykingum, eins stærsta áhrifaþáttar krabbameins, á undanförunum áratugum.

Það blasir engu að síður við að áfram verður að vinna ötullega, hvort heldur er í forvörnum, meðferð eða stuðningi við þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra. Þar er opinber stefnumörkun lykilatriði. Það er grundvallaratriði að á hverjum tíma liggi fyrir langtíma, heildstæð, markmiðadrifin stefnumörkun í forvörnum og lýðheilsu. Til þess að hún verði annað en orðin tóm þarf einnig að fylgja fjármögnuð framkvæmdaáætlun og skilgreind ábyrgð og hlutverk þeirra sem að henni koma. Hún þarf að byggjast á gagnreyndri þekkingu og fela í sér reglulega endurskoðun sem byggð er á árangursmati. Heildstæð stefnumörkun til langs tíma á öllum þeim sviðum sem varða krabbamein er forsendan sem meðal annars þátttaka almannaheillasamtaka eins og Krabbameinsfélagsins, þar með talið Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hvílir á. Það þarf að ríkja samstaða og einhugur um markmiðin og helst leiðirnar líka til þess að vænta meg árangurs.

Það var því ánægjulegt að á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga (stjórnartillaga) um lýðheilsustefnu til ársins 2030. Þar segir meðal annars: „Stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun.” Ennfremur: „Við eflingu lýðheilsu þarf því að taka mið af öðrum stefnumálum með markvissa samvinnu og sameiginleg markmið í huga svo samlegðaráhrifin og árangur verði sem mestur. Þessi nálgun samræmist því markmiði stjórnvalda að tekið sé tillit til lýðheilsusjónarmiða í allri áætlanagerð og stefnumótun.”

Það er mikilvægt að næsta skref í þessari jákvæðu sýn verði að skilgreina nánar hvernig þetta verður útfært, til dæmis í formi lýðheilsuáætlana á áhrifum lagabreytinga og stefnumarkandi ákvarðana áður en þær eru afgreiddar frá Alþingi. Með lýðheilsuáætlun yrði lagt mat á það hver séu líkleg, bein og óbein, áhrif tiltekinna aðgerða stjórnvalda, eins og lagasetningar og ýmissa stjórnsýsluákvæða, á lýðheilsu. Þannig yrði stuðlað að því að ekki yrði ráðist í breytingar sem varða lýðheilsu án undangengins mats og greiningar. Lýðheilsuáætlun þarf að hafa sterka skírskotun til opinberrar stefnu stjórnvalda, stefnu sem allir sem vilja leggja henni lið geta mátað sig við og gengið út frá.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins vinnur, eins og önnur krabbameinsfélög í landinu, að því:

1. Að fækka þeim sem veikjast af krabbameinum með öflugri forvarnastarfi.
2. Að lækka dánartíðni þeirra sem greinast með krabbamein með stuðningi við hvers kyns greiningu og meðferð og þróun þekkingar á því sviði.
3. Að bæta lífsgæði þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra, hvort heldur er með þrýstingi á umbætur á stjórnvöld eða beinum stuðningi.

Félagið kemur víða við í forvörnum sem snúa að áhrifaþáttum krabbameins og mun ótrútt halda áfram á þeirri braut. Stjórn þess leggur einnig áherslu á að fylgja eftir og styðja áform um skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi og leggja eftir mátti á sveif með Krabbameinsfélaginu í að byggð verði ný dagdeild blóð- og krabbameinslækninga á Landspítala svo aðstaða verði eins og best verður á kosið.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins er þakklátt þeim fjölmörgu sem leggja félaginu lið, þar á meðal félagsfólki, sem margt hefur stutt félagið í áraraðir. Við viljum einnig þakka stjórn fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Það er dýrmætt að geta leitað í smiðju fjölbreyttar reynslu og þekkingar þeirra sem hana skipa og allir eru sjálfbóðaliðar.

Árni Einarsson, formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis

Stofnað: 9. febrúar 1969

Fjöldi félagsmanna: 222

Stjórn

Aðalfundur var haldinn 2. Júní 2020.

Formaður:	Liv Åse Skarstad
Gjaldkeri:	Ástrós Una Jóhannesdóttir
Ritari:	Ragnheiður Stefánsdóttir
Meðstjórnendur:	Elín Guðrún Tómasdóttir og Hulda Gestsdóttir
Varamenn:	Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga eru Hrefna Rún Ákadóttir og Auður Finnbogadóttir

Skýrsla barst ekki frá félaginu.



Krabbameinsfélag Borgarfjarðar

Stofnað: 1970

Fjöldi félagsmanna: 230

Stjórn:

Aðalfundur félagsins er haldinn í nóvember ár hvert og verður því í haust.

Formaður: Anna Dröfn Sigurjónsdóttir

Gjaldkeri: Guðrún Helga Andrédóttir

Ritari: Guðríður Ringsted

Meðstjórnendur: Hafdís Brynja Guðmundsdóttur og Jómundur Hjörleifsson.

Haldnir voru 4 stjórnarfundir á árinu sem einkenndist af heimsfaraldrinum.

Stjórn tók þátt í fundarhöldum hjá KÍ.

Að öðru leyti fóru samtöl og samvinna fram í gegnum tölvupóst.

Saga félagsins

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar var stofnað 14. febrúar 1970 og eru félagsmenn um 230 talsins. Eitt aðalmarkmið félagsins er og hefur verið að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu.

Starfsemi:

Árið 2020 og það sem af er árinu 2021 hafa verið erfið misseri en eins og allir vita þá fer krabbamein fer ekki í frí eins og það var orðað í auglýsingu Krafts hér um daginn.

Við hjá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar höfum þurft að hætta við viðburði alveg frá því afmælishátíðin okkar var á dagskrá í febrúar 2020 og þar til nú. Við höfum þó reynt að halda rafrænum venjum með því að miðla efni á Facebook og Instagram bæði frá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinist með krabbamein og aðstandendur þeirra, og einnig að sjálfsögðu frá Krabbameinsfélaginu. Fjarþjónusta var aukin hjá Krabbameinsfélagi Íslands og þannig varð Covid-19 til þess að jafna aðgengi fólks á öllu landinu að þjónustu félagsins.

Árangur af brjóstakrabbameinsleit er með ágætum og nýgengi og dánartíðni af völdum leghálskrabbameins er með því lægsta sem þekkist í heiminum. Bólusetning gegn HPV-veirum mun enn lækka nýgengi en slík bólusetning hófst hér á landi 2011.

Verkefni

Sokkaverkefnið góða var sett af stað í febrúar 2020 til að fagna því að 50 ár voru liðin frá stofnun félagsins en það verkefni fór á landsvísu og það sýndi sig að málefnið var mörgum skylt. Tilgangur þessa verkefnis var einnig að gefa af sér til þeirra sem þurfa á því að halda, viðhalda sýnileika félagsins og skapa gott samstarf milli félaga. Ístex gaf band í verkefnið og styrkir fengust frá Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins, Elfa og Svanur í Framköllunarþjónustunni í Borgarnesi fá miklar þakkir fyrir að hýsa þetta verkefni, bæði að afhenda og taka á móti fyrir þá sem vildu koma því þangað. Iðjan vinnustofan í Brákarhlíð lagði svo hönd á plóg og aðstoðaði við að klára frágang á sokkum og gera þá klára í slaginn. Upphaflega stóð til að safna um 70 pörum því það eru 70 einstaklingar á ári á aldrinum 16-45 ára sem greinast með krabbamein. Upp úr þessu verkefni komu rúmlega 500 pör af sokkum. Þegar fólk á þessum aldri kemur á Lyf og Krabbameinslækningadeild þá hafa

hjúkrunarfræðingar hjá sér taupoka frá Krafti sem fólk fær, fullan af allskonar fróðleik, bókinni Fokk ég er með krabbamein, armbandi, glósubók því maður man ekki neitt og fallegu sokkapari frá Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar.

Styrkir

Styrkir hafa verið veittir á árunum eins og venjan er, þeim sem þurfa að sækja meðferð til Reykjavíkur hvort sem það er lyfjameðferð eða geislameðferð. Það er von stjórnar að þeir peningar nýtist fólki. Einnig minnum við á að dvöl á sjúkrahóteli, sem ekki er niðurgreidd hjá Stéttarfélagi eða slíku, getur Krabbameinsfélagið aðstoðað við. Bara muna að taka nótu.

Dagskrá vetrarins er nú ekki þétt skipuð enda mikil óvissa með afdrif faraldurs.

En meðal þess sem okkur langar að gera er að perla með Krafti, halda góðgerðartónleika í héraði, Karlahlaup í Mars í tilefni mottumars í samstarfi við hlaupahópinn Flandra og sitthvað fleira.

Það verður þetta árið breyting á stjórn í okkar litla félagi. Hún Guðrún Helga hættir í stjórn en hún hefur verið gjaldkeri félagsins síðustu ár og þökkum við henni kærlega fyrir störf í þágu félagsins.

Krabbameinsfélagið hvetur nú sem áður konur og menn til að þiggja boð í skimun, þátttaka er algert frumskilyrði árangurs.

Takk fyrir samstarfið.

Anna Dröfn Sigurjónsdóttir

Formaður Krabbameinsfélags Borgarfjarðar



Krabbameinsfélag Snæfellsness

Stofnað: 27.september 2005

Fjöldi félagsmanna: 100

Stjórn kosin á aðalfundi 30.09.21:

Formaður: Mjöll Guðjónsdóttir, Grundarfirði
Gjaldkeri: Svanborg Siggeirsdóttir, Stykkishólmi
Ritari: Sólrún Guðjónsdóttir, Grundarfirði
Meðstjórnendur: Guðrún Hrönn Hjartardóttir, Grundarfirði,
Margrét Hjálmarsdóttir, Grundarfirði og
Pétur Steinar Jóhannsson, Ólafsvík.

Skoðunarmenn reikninga: Jóna Björk Ragnarsdóttir og Jóhann Ragnarsson.

Á aðalfundi var ákveðið að hækka árgjald félagsins úr kr. 1.500 í kr. 3.500.

Enginn formlegur stjórnarfundur var haldinn á árinu en stjórn átti í góðum samskiptum í gegnum tölvupóst.

Starfsemi

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti legið niðri af ýmsum orsökum. Má þar fyrst nefna heimsfaraldurinn sem hefur sett okkur miklar skorður á samveru og samstarfi. Eins féll formaður félagsins, Sveinbjörg Eyvindsdóttir, frá í maí 2021.

Ákveðið var að blása til aðalfundar í september þar sem samkomutakmörkunum hafði verið aflétt og stjórn taldi þörf á að setja kraft í starf félagsins.

Félagsdeildin Von í Grundarfirði hefur náð að halda sínu starfi gangandi með mánaðarlegum samverustundum.

Styrkir

Félagið styrkti fimm einstaklinga á árinu með greiðslu á útlögðum kostnaði vegna sjúkrahótels um kr. 462.611.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Stefnt var að því að Eva Íris Eyjólfsdóttir sérfræðingur hjá Krabbameinsfélagi Íslands kæmi til okkar með fræðslu um það hvað fælist í því að vera í stjórn félagsins en því varð því miður að fresta vegna Covid.

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

Það er verið að vinna í því að uppfæra facebook síðu félagsins.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin



Krabbameinsfélag Breiðfirðinga

Stofnað: 19. Okt. 2005

Fjöldi félagsmanna: 30

Stjórn

Formaður:	Indíana S. Ólafsdóttir
Varaformaður:	Edda Tryggvadóttir
Gjaldkeri:	Ingibjörg Kristjánsdóttir
Ritari:	Jónína Magnúsdóttir
Meðstjórnandi:	Guðrún Ingvarsdóttir
Varastjórn:	Arnar Eysteinnsson Áslaug Finnsdóttir

Saga félagsins

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga var stofnað 19. október 2005 að Laugum í Sælingsdal. Félagsgjald er 2.000 kr. Félagar eru 30. Eitt kvenfélag er styrktaraðili.

Starfsemi

Segja má að þessi skýrsla sé að nokkru leyti endurtekið efni frá fyrra ári vegna þess faraldurs sem gekk yfir landið með tilheyrandi sóttvarnaraðgerðum og samkomubanni sem sé Covid19. Lítið var um fundahöld hjá félaginu á árinu vegna þess.

Við höldum þó aðalfund 31. Mars 2021 í Nesheimum í Króksfjarðarnesi, en þá voru tvö ár frá síðasta aðalfundi, þar sem ekki tókst að hafa aðalfund árið 2020 vegna Covid19 faraldursins. Félagsstarfið hefur því verið í lágmarki þessi ár sem faraldurinn hefur gengið og mikið verið um samkomubönn sem skolið hafa á með litlum fyrirvara. Stjórnin hefur því aðallega verið í símasambandi, en ekki formlegir stjórnarfundir verið haldnir. Reynt hefur verið að láta félagið virka fyrir þá sem þurft hafa á því að halda, s.s. með fjárhagsaðstoð. Á aðalfundinum lét Jóna Valgerður Kristjánsdóttir af starfi sem formaður félagsins en hún hefur gegnt því starfi frá stofnun félagsins árið 2005.

Styrkir

Við höfum alltaf greitt húsaleigu í íbúðunum á Rauðarárstíg fyrir fólk af okkar félagssvæði sem þarf að vera í Reykjavík vegna krabbameinsrannsókna eða meðferðar. Sama gildir um dvöl á sjúkrahótelum Landsspítalans.

Félagið fékk minningargjöf frá aðstandendum Jóhanns Sæmundssonar sem seldu jólatré fyrir 156.000 kr. og gáfu félaginu. Einnig áheiti frá Önnu Berglind Halldórsdóttur sem seldi tólg og hamsa og afhenti félaginu 284.000 kr. Stjórnin vill þakka kærlega fyrir þessi rausnarlegu framlög til félagsins, sem sýnir að félagið nýtur velvildar í samfélaginu.

Til fjáröflunar seljum við jólakort, minningarkort, bleiku slaufuna og ýmsan varning við ýmis tækifæri. Einnig höfum við sölubás hjá Handverksfélaginu Össu sem er með verslun í Kaupfélagshúsinu í Króksfjarðarnesi á sumrin og jólasölu í desember. Þá hafa verslanir á svæðinu selt bleiku slaufuna og MottuMars sokka. Reykhólakirkja er alltaf lýst upp með

bleiku ljósi í október og einnig Mjólkurstöðin í Búðardal. Enginn starfsmaður er á launum hjá félaginu.



Krabbameinsfélagið Sigurvon

Stofnað: 4.nóvember 2001

Fjöldi félagsmanna: 384

Stjórn

Formaður:	Helena Hrund Jónsdóttir
Gjaldkeri:	Martha Kristín Pálmadóttir
Ritari:	Þórir Guðmundsson
Meðstjórnendur:	Auður Ólafsdóttir Fjölur Ásbjörnsson
Varamenn:	Heiðrún Björnsdóttir Davíð Björn Kjartansson

Starfsmaður er Thelma Hjaltadóttir

Aðalfundur var haldinn 6. Maí 2021

Á síðasta ári voru skráðir 384 félagsmenn í félaginu. Helsta hlutverk krabbameinsfélagsins Sigurvonar er að veita fólki í krabbameinsmeðferð, og fjölskyldum þeirra, stuðning í gegnum baráttu þeirra. Sá stuðningur felst í upplýsingagjöf til fólks og fjárstuðnings. Fólk sem er í krabbameinsmeðferð getur sótt um ársstyrk til félagsins. Einnig greiðir félagið niður gistikostnað fyrir fólk sem þarf að dvelja í Reykjavík vegna sjúkráhúsdvalar.

Opnunartími þjónustuskrifstofunnar er á þriðjudögum frá kl. 14-16.

Starfsemi:

Stjórn Sigurvonar hafði miklar væntingar til ársins 2021 þar sem félagið fagnaði 20 ára afmæli þann 20. nóvember. En starfið reyndist svo vera takmarkað af höftum vegna Coronafaraldursins og sóttvörnum honum tengdum. Stjórnin lét það þó ekki mikið á sig fá og sneið stakk eftir vexti. Annað árið í röð fór því starfið að mestu fram í gegnum fjarfundi, útsendar og svaraðar fyrirspurnir og skipulag á starfinu.

Í byrjun árs fór að stað undirbúningsvinna um mögulega sameiningu við óvirkt krabbameinsfélag á sunnanverðum Vestfjörðum. Fengin var aðstoð tengiliðar Krabbameinsfélags Íslands við að komast í samband við formann krabbameinsfélags Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Talið var að sameining yrði vel möguleg en því myndi fylgja mikil skriffinnska. Að lokum fór svo að heimamenn vildu endurvirkja félagið sitt sjálfir. Aðstandendur Sigurvonar buðu því fram aðstoð sína við það yrði þess óskað. Ekki bar á öðru en að allir viðkomandi hafi verið sáttir að leikslökum.

Aðstandendur Sigurvonar beittu sér einnig fyrir því að spyrjast fyrir um nýtt fyrirkomulag leghálsskimana sem færðust frá leitarstöð KÍ yfir til heilbrigðisstofnana í janúar. Fengin voru greinargóð svör frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sem miðlað var til félagsmanna.

Unnið var að breytingum á lögum félagsins sem taka átti fyrir á aðalfundi í mars. En ákveðið var að of skammur tími væri til stefnu og því ákveðið að fresta breytingum um ár. Unnið skyldi vel og vandlega að breytingunum fyrir aðalfundinn 2022. Þess í stað var ákveðið að skerpa á úthlutunarreglum vegna styrkja og setja skýrari mörk á úthlutun þeirra. Markmiðið með því var bæði til að gæta jafnræðis meðal styrkþega og til að passa upp á greiðslugetu félagsins.

Stjórn félagsins var svo endurkjörin á árinu að undanskildum gjaldkeranum Tinnu Hrund Hlynsdóttur sem lét af störfum vegna verkefnaþunga á öðrum sviðum. Hennar í stað kom Martha Kristín Pálmadóttir sem var kjörin einróma á aðalfundinum.

Þá fóru formaður og starfsmaður félagsins á aðalfund KÍ á Selfossi í lok maí og fengu þar góðar móttökur ásamt öðrum fundargestum.

Verkefni

Um vorið stóð félagið í annað sinn fyrir skipulögðum hlaupaæfingum í tengslum við yfirvofandi Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka sem halda átti í ágúst. Vel var tekið í æfingarnar en ekki varð af því að þátttakendur gætu tekið þátt í Reykjavíkumaraþoninu sem var frestað sökum Covid. Æfingarnar voru undir tilsögn Árna Heiðars Ívarsson, einkaþjálfar og hlaupara með meiru, og útbúnir voru bolir undir merkjum Sigurvegarar sem þátttakendur fengu gefins.

Um haustið var ráðist í undirbúning afmælisveislu vegna 20 ára afmæli félagsins ásamt útgáfu afmælisblaðs. Stóð til að halda boð í Edinborgarhúsinu í október og blanda þar saman afmælisfögnuði og bleiku boði. Enn og aftur settu sóttvarnir vegna heimsfaraldursins strik í reikninginn og þurfti að falla frá boðinu. Stjórn Sigurvegarar ásamt starfsmanni félagsins fóru þess í stað út að borða til að fagna afmælinu og þakka fyrir góð störf sem stjórnin hefur unnið í sjálfboðavinnu um árabíl.

Allt þúður var þá sett í útgáfu afmælisblaðs en því miður frestaðist hún fram yfir áramót af ýmsum orsökum. Var því þá dreift í öll hús á starfsvæðinu og rafræn útgáfa þess gerð aðgengileg í gegnum heimasíðu félagsins.

Hópastarf

Vinir í von hittist vanalega hálfs mánaðarlega yfir vetrartímann en starfsemi hans riðlaðist nokkuð yfir veturinn vegna Covid. Náði hann þó að hittast nokkrum sinnum en þar hittast krabbameinsgreindir, aðstandendur og sumir sem hafa náð bata og skrafa saman yfir kaffi og meðlæti. Stundum gera Vinir í von sér dagamun og fara á kaffihús eða út að borða. Reglulegur viðburður hefur verið að hittast í smurbrauð á aðventunni en það var ekki í boði í ár.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Gefinn var út bæklingur þar sem félagið var kynnt. Honum var dreift á í öll hús á starfsvæðinu sem er norðanverðir Vestfirðir og Strandir.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð.

- Helstu kostnaðarliðir voru laun og launatengd gjöld
- Helstu innkomuliðir voru rekstrarstyrkur frá Velunnarasjóði KÍ og ársgjöld.

Stjórn.



Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968

Fjöldi félagsmanna: Ekki haldið félagatal

Stjórn

Formaður:	Guðrún Helga Marteinsdóttir
Ritari:	Þorbjörg Helga Sigurðardóttir
Gjaldkeri:	Rannveig Erla Magnúsdóttir
Meðstjórnendur:	Marín Sigurbjörg Karlsdóttir og Elsche Oda Apel
Endurskoðandi:	Guðmundur Haukur Sigurðsson

Haldnir voru 2 stjórnarfundir á s.l ári og aðalfundur. Tölvutæknin var þó nýtt með samskiptum stjórnarmeðlima gegnum tölvupóst og messenger.

Saga félagsins

Félagið er stofnað árið 1968. Tilgangurinn var fyrst og fremst að standa fyrir hópskoðunum vegna leitar á legháls- og brjóstakrabbameini. Annað markmið félagsins var að veita almenna fræðslu. Ákveðið var að innheimta ekki árgjöld, þannig að í raun er ekki haldin nein félagaskrá. Í dag styður félagið aðallega við krabbameinsveika einstaklinga fjárhagslega.

Starfsemi:

Styrkir og gjafir:

Starfsemin hefur verið með minnsta móti á s.l ári. Covid-19 spilar þar stórt hlutverk. Sláturbasar er stór liður í fjáröflun félagsins og hefur verið haldinn annaðhvert ár. Ekki tókst að halda hann árið 2020 vegna Covid-19 og átti að reyna árið 2021, en tókst ekki heldur vegna Covid-19.

Seld eru minningarkort í nafni félagsins allt árið um kring og fást þau á heilsugæslunni, versluninni Hlín og hjá formanni.

Félagið gaf Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga gjafir á árinu:

Sessur í útihúsgögn og bakstra.

Á árinu voru krabbameinssjúkir styrktir fjárhagslega. Okkur bárust einnig margar góðar gjafir á árinu bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Fjárhagsstaða félagsins er mjög góð í lok árs.

Enginn komst frá stjórn á Aðalfund KÍ 2021.

Stjórnin.



Krabbameinsfélag A-Húnavatnssýslu.

Stofnað: Á Blönduósi 2.nóvember 1968.

Fjöldi félagsmanna: 200

Stjórn

Kosin á aðalfundi 3. Júní 2020

Formaður: Sveinfríður Sigurpálsdóttir

Ritari: Kristín Rós Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Péturína L. Jakobsdóttir

Meðstjórnandi: Margrét Einarsdóttir

Meðstjórnandi: Viktoría Erlendsdóttir

Starfsemi

Stjórnin hélt fáa stjórnarfundum á starfsárinu en hafði mikil upplýsinga samskipti með tölvupóstum sín á milli enda þurfti að afgreiða það sem fyrir lá nokkuð fljótt eins og styrki vegna krabbameinsmeðferðar. Hamlaði fundum að covid geisaði ennþá og í nágrenninu.

Aðalfundur 2021 var haldinn á veitingastaðnum Teni 19. Maí 2021. Formaður flutti þá skýrslu stjórnar og lagðir voru fram reikningar sem sýndu þokkalega útkomu.

Framlag til heilsugæslu HSN veitt 2020 var tæki sem er til þess að nema betur hjartslátt. Ásdís yfirhjúkrunarfræðingur svæðis tók á móti gjafabréfi og hafði tækið þá þegar verið tekið í notkun. Fengum við síðar endurgreiðslu virðisaukaskatts af því. Áfram var heilsugæslan á HSN Blönduósi styrkt og nú var hún styrkt um framlag til kaupa á þægilegum rafdrifnum kvennaskoðunarstóli sem leysti af hólmi eldri skoðunarstól. Sótt var um í Velunnarasjóðinn til að standa straum af kostnaðinum. Allir í stjórn tóku þátt í þessum verkefnum og voru samþykkir að stóllinn sem tæki notaður m.a. við skimun á leghálskrabbameini væri til þæginda fyrir konur.

Styrkir, fjármál

Auk að borga kvennaskoðunarstólinn voru veittir fleiri styrkir til félagsmanna á árinu en að venju og er kostnaður í ársreikningi. Sala minningarkorta hefur dregist nokkuð saman en innheimta félagsgjalda er misjöfn eftir árum. Þar sem eldri félagar kveðja og brottfluttir greiða oft ekki.

Fundir

Samkvæmt lögum KÍ skal boða til formannafundar að jafnaði tvisvar á ári þar sem kynnt eru þau málefni sem unnið er að á vegum KÍ og aðildarfélaganna. Formaður sótti því 2 rafræna formannafundi, sá fyrri 20. september. Kynning var frá Höllu um starfsemi KÍ og um hvað væri á döfinni. Kynnti hún tölulegar upplýsingar um þróun krabbameina og að aðildarfélög kynni sér þessar upplýsingar. Nú séu um 1700 manns á ári sem greinast en taldi fjölgun á næstu árum. Sagði m.a. frá rannsókn sem nefnist Áttavitinn og hægt er að finna þær útkomur á vef KÍ. Formaður sem og aðrir formenn höfðu nokkrar mínútur til að segja frá starfsemi

félags síns. Útþrent er til af fundargerð þessa fundar hjá formanni og sjá má að alls konar verkefni eru í gangi hjá aðildarfélögunum sem vert er að skoða.

Síðari formanna fundurinn var 13. des. og fjallaði hann um endurskoðun á stefnu KÍ sem flutt var yfirferð um. Megin markmiðið stefnunar er að fækka veikum, lækka dánar tíðni og bæta lífsgæði þeirra sem veikjast. Áhersla er á að bæta forvarnir og vegna lífsstílsþátta.

Í október í bleika mánuðinum voru HSN Blönduósi, Blönduóskirkja, Skagastrandarkirkja og Bólstaðarkirkja lýst upp í bleiku og gert til þess að minna á átak KÍ um krabbamein í konum. Komu þessar lýsingar á öllum fjórum stöðum vel út í skammdeginu sérlega í kirkjunni á Blönduósi sem stendur rétt við þjóðveginn.

Lokaorð

Árið hefur verið bæði skemmtilegt en leitt að stjórnarfundum fækkaði vegna faraldurs en stjórnin hefur í staðinn aðstoðað og beitt öðru samskiptaformi og séð verður nú fram á betri tíma. Styrkjum hefur fjölgað mikið með beiðnum til félagsins og gott að vita að þar getum við beitt okkur vel í þágu félagsmanna sem og til framfara í heilbrigðisþjónustu í héraðinu t.d. með nýju tæki með tengsl við skimanir í héraði. Nauðsynlegt er sem áður að afla nýrra félagsmanna með ráðum og dáðum en við eigum tryggja félagsmenn en afföll verða þó og í litlu héraði eru margir í ýmsum félagsstörfum. Áfram mun starfsemi okkar samt dafna með hjálp félagsmanna.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir, formaður



Krabbameinsfélag Skagafjarðar

Stofnað: 12.júní árið 1966

Fjöldi félagsmanna eru: 400

Stjórn

Formaður:	Dalla Þórðardóttir
Varaformaður:	Þorsteinn Þorsteinsson
Ritari:	Sara Regína Valdimarsdóttir
Gjaldkeri:	Helga Gígja Sigurðardóttir
Meðstjórnandi:	Guðmundur Gunnarsson
Varamaður:	Ágústa Eiríksdóttir
	Hrönn Jónsdóttir

Starfsmenn eru María Reykdal og María Einarsdóttir

Saga félagsins

Krabbameinsfélag Skagafjarðar var stofnað 12 júní 1966 í Héðinsminni í Akrahreppi. Þá gengu í félagið 47 manns. Félaginu óx fljótt fiskur um hrygg og má það fyrst og fremst þakka árvekni og dugnaði Helgu Kristjánsdóttur á Silfrastöðum. Hún bæði hringdi í fólk og fór á bæi til að tala máli þessa mikilvæga verkefnis. Um árabíl vélritaði hún alla innheimtuseðla fyrir félagsgjöldum og ók sjálf út til fólks.

Nú um stundir eru í félaginu um 400 manns.

Enn megum við þakka fyrir óeigingjörn framlög íbúa sem og starfsmanna félagsins. Við stöndum í þakkarskuld við Kristján Jónasson, endurskoðanda á Sauðárkróki, sem um margra ára skeið hefur sett upp og gengið frá ársreikningum, félaginu að kostnaðarlausu.

Starfið

Starfssemin hefur litast mjög af covid faraldrinum. Stærsta verkefnið hefur nú um tveggja ára skeið verið að koma í fastar skorður starfi fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Slík starfsemi hefur ekki fyrr verið boðin fram hér í firðinum, en þakkarvert er að fólk sem sækir lyfjameðferð til Akureyrar hefur og notið þess starfs sem Krabbameinsfélag Akureyrar býður fram. En við höfum talið nauðsynlegt að fólk geti átt sér skjól í sinni heimabyggð, hist, borið saman bækur sínar, fengið fræðslu og uppbyggjandi samtöl hjá fagaðilum. Leiðin að markinu hefur reynst æði torsótt og er þar fyrst og fremst covid um að kenna, en einnig tafði það starfsemi á liðnu ári, að eigandi húsnæðis, sem félagið hefur á leigu, lét gera þar þarfar viðgerðir.

Starfsemin var verulega höktandi, sem olli okkur sífelldum vonbrigðum; jafnskjótt og rofað hafði til kom ný bylgja og fjöldatakmarkanir tóku gildi. Af sjálfu leiðir að allt óöryggi um smit eða áhættu fyrir heilsuna hittir það fólk, sem við vildum helst þjóna, illa fyrir. Því hefur ekki enn tekist að kanna hvort grundvöllur er fyrir þessari starfsemi hér í Skagafirði. Enn skal látið á það reyna á því ári, sem nú fer í hönd. Þrátt fyrir það að starfsemin væri svo höktandi varð félagið að standa við sínar fjárhaglegu skuldbindingar alla mánuði ársins og greiða laun starfsmanns sem og leigu fyrir húsnæðið. Á aðventu rann upp langþráð stund og margundirbúin, en þá var opunarhátíð fyrir starfseminna. Þær nöfnur María Reykdal og María



Einarsdóttir höfðu skreytt salarkynni og lagt drykki og veitingar á borð, skínandi jólaljós í gluggum lýstu út í vetrarmyrkrið og inn í huga viðstaddra. Við þetta tækifæri var veitt viðtaka höfðinglegri peningagjöf frá Lionsklúbbinum Höfða svo og frá Magnúsi Guðmundssyni á Vatni til minningar um Jönu systur hans. Þá bárust félaginu á árinu einnig gjafir frá Þórólfi Gíslasyni, Víðimýrarkirkju, Kvenfélagi Akrahrepps og mörgum fleirum, sem þannig minntust látinna ástvina. Ómetanlegt er að finna hlýhug einstaklinga sem og félaga og fyrirtækja, sem þannig vilja leggja lið þeim sem berjast við þann vágest sem krabbamein er.

Dalla Þórðardóttir, formaður



Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis

Stofnað 21. nóvember 1952

Fjöldi félagsmanna 1562

Stjórn

Formaður:	Anna Hulda Júlíusdóttir
Varaformaður:	Jón Gunnlaugur Stefánsson
Gjaldkeri:	Hólmur Erlu-Svansson
Ritari:	Marta Kristín Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Arna Jakobsdóttir, Guðrún Dóra Clarke, Elva Sigurðardóttir, Selma Dögg Sigurjónsdóttir

Saga félagsins

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis var stofnað 21. nóvember 1952. Starfssvæðið er frá Siglufirði í vestri og austur að Stóru Tjörnum í Fnjóskadal. Helstu verkefni er stuðningur og fræðsla við einstaklinga með krabbamein og aðstandendur þeirra ásamt námskeiðum og viðburðum. Þjónustumiðstöð félagsins er að Glerárgötu 34 - 2. hæð á Akureyri. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá 10:00-16:00. Heimasiða félagsins er kaon.is og þar er að finna frekari upplýsingar um félagið og starfsemi þess.

Starfsfólk

Eva Björg Óskarsdóttir, Skrifstofustjóri - Fæðingarorlof frá nóvember

Snædís Birna Jósepsdóttir, Skrifstofustjóri frá september

Jenný Valdimarsdóttir, Ráðgjafi og verkefnastjóri - Ráðgjafarþjónustunnar frá júní.

Þakkir fyrir vel unnin störf fyrir félagið fá:

Halldóra Björg Sævarsdóttir, Framkvæmdastjóri

Katrín Ösp Jónsdóttir, Ráðgjafi og verkefnastjóri - Ráðgjafarþjónustunnar

Sjálfbóðaliðar

Við erum með nokkra sjálfbóðaliða sem aðstoða okkur reglulega. Þeir hafa ýmis hlutverk eins og að sjá um hópastarf á okkar vegum, taka á móti fólki, hella uppá kaffi og ganga frá eftir hittingana. Það er mjög dýrmæt að hafa sjálfbóðaliða sem eru tilbúnir að aðstoða félagið.

Þjónusta og starfsemi

Starf félagsins árið 2021 litaðist bæði af Covid-19 og húsnæðisbreytingum. Í forgang á árinu var að bjóða upp á ráðgjöf og stuðning fyrir einstaklinga með einstaklingsviðtölum ásamt því að veita persónulega þjónustu í gegnum síma og tölvupóst. Vegna Covid-19 var lítið um hópastarf fyrri hluta árs en það byrjaði á fullum krafti í september.

Opnunartími þjónustumiðstöðvarinnar var eins og áður, mánudaga-fimmtudaga frá 10-16 en lokað var í júlí vegna sumarleyfa. Um haustið urðu húsnæðisbreytingar hjá félaginu og deilir það nú húsnæðinu að Glerárgötu 34 með Heilsu og Sálfræðiþjónustunni.

Aðsókn

Skráð samskipti við félagið voru 1783 á árinu og telur það til heimsóknarfjölda og símtala í þjónustumiðstöðunina.

Skráð rafræn samskipti á árinu voru 146 og telur það til fjarviðtala og þjónustu í gegnum tölvupóst.

Samskipti og aðsókn eftir kyni og aldri

	Kona	Karl	Barn*
Janúar	84	27	2
Febrúar	73	23	0
Mars	135	53	3
Apríl	86	52	4
Maí	82	21	4
Júní	104	22	3
Júlí	35	11	1
Ágúst	53	16	1
September	158	32	0
Október	109	27	1
Nóvember	94	42	1
Desember	44	13	0
Samtals	1057	339	20

*Skjólstæðingar upp að 18 ára aldri eru skráðir sem börn (öll kyn)

Fjöldi viðtala á árinu

Staðviðtal	Fjarviðtal
347*	5

*Þar af voru 92 komur í Eirberg

Samskiptaleiðir við félagið

	Sími	Koma	Facebook og email
Janúar	55	38	5
Febrúar	38	27	13
Mars	67	61	13
Apríl	33	47	19
Maí	36	35	19
Júní	56	52	12
Júlí	18	18	8
Ágúst	39	23	8
September	84	71	18
Október	57	73	6
Nóvember	59	67	10
Desember	15	41	10
Samtals	557	553	141

Hópastarf

Þegar hópastarfið byrjaði aftur lifnaði skrifstofa félagsins við. Það varð strax mjög góð mæting í hópastarfið og greinilegt að fólk var tilbúið að hittast á ný.

Skapandi handverk og spjall

Á fimmtudögum var boðið upp á opið hús fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein. Konurnar taka oft með sér handverk að heiman og sinntu því í bland við spjall og veitingar. Umsjón með hópnum höfðu Valla og Nunna sjálfboðaliðar. Mæting var góð og í hvert skipti komu um 10-15 konur.

Leshópur

Einu sinni í mánuði hittist leshópur hjá okkur og ræðir bækur sem hópurinn velur sér og fær sér kaffi. Umsjón með hópnum hefur Margrét Baldursdóttir sjálfboðaliði.

Kátir karlar

Á laugardögum var húsið opið fyrir karla sem greinst hafa með krabbamein. Umsjón með hópnum hafði Brynjólfur Ingvarsson, sjálfboðaliði. Lagt var upp úr léttu spjalli og góðum

stuðning við nýliða og hefur þessi stuðningur reynst vel. Í hverri viku mættu í kringum 10 karlar.

Námskeið og fræðsla

Eftir að starfið fór af stað aftur í september, náðum við að halda nokkur góð námskeið

Gott útlit - Betri líðan

Námskeiðið Gott útlit - Betri líðan er snyrtinámskeið fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð eða þá sem hafa nýlega lokið krabbameinsmeðferð. Kristjana Rúnarsdóttir sérfræðingur frá Lancome var leiðbeinandi og fór yfir umhirðu húðar, förðun og fleira. Mætingin var mjög góð og haldin voru tvö námskeið sama daginn fyrir 8 einstaklinga í hvort skipti.

Yoga nidra

Við buðum upp á nokkur Yoga nidra námskeið hjá Arnabjörgu í Óm yoga- og gongsetri.

Námskeiðin voru mjög vinsæl og oftast var biðlisti fyrir næsta námskeiði.

Námskeiðið var greitt úr Heilsueflingarsjóð félagsins sem er samstarfsverkefni með minningarsjóð Baldvins Rúnarssonar.

Áslaug Kristjánsdóttir

Áslaug Kristjánsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur kom til okkar í nóvember og hélt fyrirlestur um ýmislegt sem getur komið upp í samböndum og kynlífi þegar einstaklingur greinist með krabbamein. Til að nýta ferðina bauð hún upp á para- og kynlífsráðgjöf fyrir þá sem vildu nýta sér það að kostnaðarlausu.

Karlanámskeið

Við höldum 4 vikna námskeið fyrir karla í krabbameinsmeðferð og þá sem hafa nýlokið krabbameinsmeðferð. Ýmis fræðsla var á námskeiðinu um krabbamein, krabbameinsmeðferð og þá þjónustu sem er í boði fyrir einstaklingana á svæðinu. Jenný Valdimarsdóttir ráðgjafi sá um námskeiðið og voru 7 þátttakendur.

Áföll og aðlögun að breyttum aðstæðum

Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur og Hildur Inga Magnadóttir markþjálfari og ráðgjafi frá Heilsu og Sálfræðiþjónustunni, héldu fyrirlestur um áföll og aðlögun að breyttum aðstæðum eftir áföll. Boðið var upp á súpu, brauð og spjall að erindi loknu. Þátttaka var góð, en 6 manns mættu á fyrirlesturinn og töluvert áhorf var á streymi. Fyrirlesturinn var styrktur af Heilbrigðisráðuneytinu.

Núvitundarnámskeið

Í mars var haldið núvitundarnámskeið með áherslu á þreytu og verki fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð eða þá sem hafa greinst með krabbamein á síðastliðnum 2 árum.

Kennarar voru Aðalheiður Sigfúsdóttir og Kristín Viðarsdóttir, sálfræðingar.

Það voru 8 þátttakendur á námskeiðinu.

Námskeiðið var styrkt af Heilbrigðisráðuneytinu og Velunnurum.

Síðbúnar afleiðingar krabbameinslyfjameðferðar
Dórothea Jónsdóttir, tölvunarfræðingur, hélt fyrirlestur um síðbúnar afleiðingar krabbameinslyfjameðferðar. Það mættu 8 manns á fyrirlesturinn og töluvert áhorf var á streymi. Boðið var upp á brauð og salat að erindi loknu. Fyrirlesturinn var styrktur af Heilbrigðisráðuneytinu.

Eirbergspjónusta

Konur sem hafa farið í brjóstnám eða fleigskurð geta pantað tíma í Eirbergspjónustuna í þjónustumiðstöð okkar. Hjúkrunarfræðingur tekur á móti konunum, veitir ráðgjöf og mælir fyrir gervibrjóstum og ermum til að meðhöndla sogæðabjúg. Aðstaðan er til fyrirmyndar með hjólastólaaðgengi, rúmgóðu viðtalsherbergi og mátunarklefa.

Eirbergspjónustan er samstarfsverkefni milli félagsins og Eirbergs og er mikilvæg þjónusta fyrir konur á landsbyggðinni.

Komur í Eirbergspjónustuna á árinu voru 92, árið áður voru komurnar 52.

Miðlar

Það er mikilvægt að okkar félagsmenn hafi góðan aðgang að upplýsingum frá okkur og því er vefurinn reglulega uppfærður með fréttum ásamt Facebooksíðu okkar.

Ráðgjafarþjónustan

Hjá Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis er einn faglegur ráðgjafi sem er á vegum Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

Í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Samstarfssamningur er á milli

Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis og Krabbameinsfélagsins sem tryggir faglegan og fjárhagslegan grundvöll fyrir heilbrigðismenntuðum ráðgjafa. Krabbameinsfélagið greiðir laun og launatengd gjöld fyrir ráðgjafann, ásamt föstum starfsmanna- og rekstartengdum kostnaði.

Reglulega kom starfsmaður frá Ráðgjafarþjónustunni til Akureyrar til þess að veita handleiðslu og viðtöl.

Staðviðtöl

Covid-19 hafði áhrif á viðtalsfjölda á árinu en mikilvægt var að geta boðið upp á viðtöl og fjarviðtöl fyrir okkar skjólstæðinga. Félagið hefur góða aðstöðu til að bjóða upp á viðtöl þar sem auðvelt er að halda tveggja metra fjarlægð og gæta allra helstu sóttvarna. Alls komu 347 einstaklingar í staðviðtöl á árinu, þarf af 92 konur í Eirbergspjónustu.

Fjarviðtöl

Ráðgjafarþjónustan tók stórt skref í þjónustu við fólk á landsbyggðinni með innleiðingu á fjarviðtalsbúnaðinum Kara Connect árið 2020. Búnaðurinn gerir ráðgjöfum kleift að tala við skjólstæðinga sína að heiman. Við tókum nokkur fjarviðtöl í byrjun árs.

Rekstur

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggist alfarið á stuðningi einstaklinga og fyrirtækja en stærsti styrkurinn kemur frá Velunnurum Krabbameinsfélagsins.

Á árinu 2020 voru teknar stórar ákvarðanir tengt rekstri félagsins vegna fjárhagserfiðleika. Stærsta breytingin var að gera nýjan leigusamning og minnka húsnæði félagsins og þar með lækka leigukostnað um rúmlega helming. Félagið deilir nú skrifstofu sinni að Glerárgötu 34 með Heilsu og sálfræðipjónustunni. Einnig var gerð breyting á starfsmannafjölda og starfshlutföllum starfsmanna. Þar sem Covid-19 hafði áhrif á starf félagsins var hægt að halda ýmsum kostnaðarliðum lægri þar sem starfsemin snerist að mestu um ráðgjöf og almenna upplýsingagjöf.

Heildarvelta félagsins 2021 nam 39 milljónum og drógst saman um 18% frá árinu áður.

Hagnaður ársins 2021 var 5.9 milljónir.

Endurgreiðslur félagsmanna

Félagið tekur þátt í að niðurgreiða kostnað á íbúðum og dvöl á sjúkrahótelum fyrir sína félagsmenn, á meðan krabbameinsmeðferð stendur. Félagsmenn geta sótt um endurgreiðslu sem nemur 50% af heildarkostnaði, allt að 40.000 kr á ári.

Á árinu sóttu 20 félagsmenn um endurgreiðslu til félagsins vegna gistikostnaðar og fengu þau greitt út eftir úthlutunarreglunni, samtals 512.183 kr. Í lok árs tók stjórn ásamt starfsfólki félagsins þá ákvörðun að endurgreiða öllum sem fengu styrk á árinu 2021 að fullu og var það greitt út í janúar 2022.

Í heildinu var greitt út 963.437 kr til félagsmanna vegna gistikostnaðar á árinu.

Viðburðir

Vegna fjöldatakmarkana og sóttvarnaraðgerða vegna Covid-19 reyndist erfitt að halda viðburði á vegum félagsins fyrri hluta árs. Hruturinn var ekki haldinn í mars vegna samkomutakmarkanna og Dekurdagar í október með takmörkunum.

Dekurdagar

Októbermánuður er tileinkaður konum sem greinst hafa með krabbamein, bleikur litur er nýttur til þess að minna á málefnið og sýna konunum samstöðu og stuðning. Á Akureyri hafa verslunareigendurnir Vilborg í Centro og Inga í Pedromyndum staðið fyrir Dekurdögum síðastliðin 13 ár. Í ár voru seldar bleikar slaufur til að hengja upp í bænum eins og áður, klútar og fánar og gátu fyrirtæki og einstaklingar styrkt félagið með kaupum á þessum vörum. Í ár söfnuðust 4.300.000 kr. Framtak Dekurdaga skiptir starfsemi félagsins miklu máli og gott er að finna samstöðu frá fólki í október.

Á Dekurdögum var félagið með kynningarbása á Glerártorgi og í Centro. Það var góð leið til að minna á félagið og spjalla við fólk sem hafði áhuga á félaginu. Einnig kom Gígja frá Eirberg og hélt kynningu á vörum frá þeim í bleiku boði sem við höldum í þjónustumiðstöð okkar með veitingum í boði Bakarísins við brúna.

Kótilettukvöld

Í nóvember hélt Hvítasunnukirkjan á Akureyri Kótilettukvöld þar sem allur ágóðinn rann til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Kvöldið heppnaðist mjög vel og boðið var upp á góðan mat, happdrætti og skemmtun.

Okkur var boðið að mæta og héldum við kynningu á félaginu og sjálfboðaliði frá okkur sagði frá sinni reynslu af félaginu. Á kvöldinu söfnuðust 525.000 kr, takk kærlega fyrir okkur.

Reykjavíkumaraþonið

Vegna Covid-19 var Reykjavíkumaraþonið annað árið í röð haldið með breyttum hætti og 4. september hljóp hópur saman fyrir hönd félagsins á Akureyri. Hópurinn hittist við afleggjarann hjá Kristnesi og kláruðu 10 km fyrir utan þjónustumiðstöð félagsins.

Þátttakendur voru 15 en svo var gott fylgdarlið sem aðstoðaði með því að hjóla með eða keyra. Starfsfólk félagsins var með vatnsstöð á leiðinni og svo var tekið á móti fólkinu með drykkjum og Hleðslu á endastöðinni. Í heildina safnaðist 949.000 kr fyrir félagið og þakkir fá þessir flottu hlauparar.

Opið hús

Í september þegar sambúðin með Heilsu og sálfræðiþjónustunni var formlega hafin, héldum við opið hús. Það var góð mæting og fólk gat fengið fræðslu og upplýsingar ásamt léttum veitingum.

Styrkir

Félagsmenn

Ein af grunnstöðum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis eru félagsgjöldin sem félagsmenn okkar greiða einu sinni á ári. Félagsgjöldin eru 4.500 kr og koma í heimabanka félagsmann árlega. Í lok árs 2021 voru um 1.562 félagsmenn skráðir en innkoma félagsgjalda nam 4.907.000 kr. Það er aukning frá árinu á undan um 330.000 kr. Stjórn félagsins þakkar öllum félagsmönnum kærlega fyrir stuðninginn, þið eruð snillingar.

Styrkir frá samfélaginu

Starf Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis byggir alfarið á styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Félagið er þakklátt öllum þeim sem velja að styrkja félagið og láta gott af sér leiða.

Félagið fékk tvo verkefnastyrki á árinu.

Heilbrigðisráðuneytið styrkti um 400.000 kr verkefni sem hét Verkfæri í bakpokann. Haldið var núvitundarnámskeið með áherslu á þreytu og verki fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð eða þá sem hafa greinst með krabbamein á síðastliðnum tveim árum, fyrirlestur um áföll og aðlögun að breyttum aðstæðum og fyrirlestur um síðbúnar afleiðingar krabbameinslyfjameðferðar.

Þá var einnig keypt eintök af bókinni “*Það sem ég hef lært*” eftir Önnu Lóu Ólafsdóttur til að afhenda skjólstæðingum sem koma í viðtöl til ráðgjafa. Norðurorka styrkti félagið um

500.000 kr fyrir verkefninu “Börn sem aðstandendur” en vegna Covid var ekki farið í að halda það námskeið og verður það gert 2022.

Dekudagar voru haldnir í tilefni Bleiks októbers og söfnuðust 4.300.000 kr fyrir félagið í gegnum það verkefni, einnig tóku nokkur fyrirtæki sig til og styrktu félagið sjálf í tilefni þess.

Undanfarin ár hefur Hörður Óskarsson styrkt félagið til minningar um bróðir sinn Sigurð Viðar Óskarsson sem lést úr krabbameini árið 2010. Hörður smíðar allskonar vörur úr gamalli íslenskri mynt sem dæmi myntslaufur og heitir fyrirtækið hans Mynthringar og allskonar. Þetta árið færði hann félaginu 210.000 kr.

Velunnarar

Árlega útdeilir Krabbameinsfélagið styrkjum frá Velunnurum félagsins til aðildarfélaga Krabbameinsfélagsins og sækir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis um styrk þar á hverju ári. Félagið fær rekstrarstyrk fyrir allt að 50% kostnaði ásamt verkefnastyrkjum.

Velunnarar eru ómetanlegt bakland Krabbameinsfélagsins allan ársins hring. Velunnarar Krabbameinsfélagsins eru þeir sem kjósa að styðja við baráttuna gegn krabbameini með mánaðarlegu framlagi og styrkja þannig rannsóknir, fræðslu og forvarnir og endurgjaldslausa ráðgjöf og stuðning til krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis fékk 14.961.222 kr í úthlutun frá Velunnurum fyrir árið 2021. Auk 50.000 kr auka úthlutunar seinna á árinu fyrir fyrirlestri.



Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga

Stofnað: 1968

Fjöldi félagsmanna: 344

Stjórn:

Formaður:	Jóhanna Björnsdóttir
Ritari:	Halla Lovísa Loftsdóttir
Gjaldkeri:	Edda Björg Sverrisdóttir
Meðstjórnendur:	Gunnlaug María Eiðsdóttir, Aðalbjörg Sigurðardóttir Ingigerður Arnljótsdóttir

Starfsemi

Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini ásamt því að styrkja einstaklinga á svæði félagsins sem greinst hafa með krabbamein með ýmsum hætti. Félagið styrkir aðila sem þurfa að dvelja í Reykjavík í lengri eða skemmri tíma vegna krabbameinsmeðferðar með greiðslu á gistikostnaði. Félagið stendur fyrir sölu á minningarkortum og fer ágóðinn af sölunni óskiptur til Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga.

Fyrirtæki og einstaklingar á svæði Krabbameinsfélags Suður Þingeyinga styrkja félagið myndarlega ár hvert og erum við ákaflega þakklát fyrir það. Félagið hefur gefið fé til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Norðurlands á Húsavík til kaupa á ýmsum búnaði til sjúkradeildarinnar sem nýtist krabbameinsveikum og öðrum sjúkum á stofnuninni.

Starfsemi s.l. starfsárs hefur verið í lágmarki vegna Covid 19 faraldurs en stjórnin er í góðu sambandi og fylgist með aðstæðum á svæðinu og er í góðri aðstöðu að ná til þeirra sem á stuðningi þurfa að halda, þar sem stjórnarmeðlimur er einnig starfsmaður á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík. Félagið hefur notið velvildar fólks á svæðinu með höfðinglegum gjöfum sem er alveg ómetanlegt.

Lítið hefur verið um formlega fundi s.l. starfsár en við sjáum ekki annað en að það sé mikil þörf fyrir slíkan félagsskap sem þennan, hefur stjórnin verið í samskiptum á veraldarvefnum sem gengur ágætlega á 21.“ tækni“-öldinni.

Jóhanna Björnsdóttir, formaður

Krabbameinsfélag Norðausturlands

Stofnað: 18. Ágúst 1970 og endurvakið 2.maí 2006.

Fjöldi félagsmanna: 86

Stjórn:

Formaður: María Hermundardóttir

Ritari:

Gjaldkeri:

Meðstjórnandi:

Starfsemi:

Engin starfsemi var í félaginu á árinu. Unnið er að sameiningu félagsins við Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga.

María



Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað 19. Apríl 1970

Fjöldi félagsmanna: 161

Stjórn

Formaður:

Gjaldkeri: Kristjana Björnsdóttir

Ritari: Jóna Björg Sveinsdóttir

Meðstjórnendur: Ragnhildur Sveina Árnadóttir og Ásdís Sigurjónsdóttir

Aðalfundur var haldinn þann 7. júní 2021 í Hlynsdölum Egilsstöðum.

Ekki náðist að finna formann í stað Björgvins Kristjánssonar sem ekki gaf kost á áframhaldandi setu í stjórn. Einnig vantaði meðstjórnanda í stað Karólínu Ingvarsdóttur sem flutti af svæðinu.

Ragnhildur Sveina Árnadóttir kom ný inn í stjórnina sem meðstjórnandi.

Starfsemi

Starfsemi félagsins var meiri en mörg undangengin ár, ber þar helst að nefna jafningjastuðning sem var veittur aðra hverja viku frá því í september. Félagið fékk aðstöðu í safnaðarheimili Egilsstaðakirkju og má segja að vel hafi tekist til. Stuðningurinn var fyrir konur og þær konur sem nýttu sér samveruna voru mjög ánægðar. Í desember bauð félagið hópnum á Bókakaffi í Fellabæ þar sem við fengum okkur veitingar og tónlistafólk kom og gladdi okkur söng og hljóðfæraleik, allir gáfu vinnu sína.

Það sem helst hamlar starfsemi félagsins er að ekki hefur fengist formaður til starfa en stjórnin reynir þó sitt besta til að félagið geti starfað.

Í bleikum október bauð séra Þorgeir Arason sóknarprestur í Egilsstaðaprestakalli félaginu að kynna starfsemi sína í „bleikum“ messum. Kristjana talaði fyrir hönd félagsins í Egilsstaða- og Bakkagerðiskirkju og Auður Vala Gunnarsdóttir sagði frá reynslu sinni af því að greinast með krabbamein og ná bata.

Það var mikill fengur fyrir félagið af fá Ragnhildi Sveinu í stjórnina, hún er afar kraftmikil og drífandi og hefur að mestu séð um jafningjahittinginn og einnig að halda lífi í facebook síðunni.

Stefnt er að auknu samstarfi félaganna á Austurlandi og ber að þakka Hrefnu Eyþórsdóttur formanni Krabbameinsfélags Austfjarða velvilja og stuðning við stjórnarkonur.

Félagið nýtur mikils velvilja á svæðinu og vonandi næst að nýta hann með aðstoð KÍ og Evu Írisar Eyjólfssdóttur sem við bjóðum velkomna til starfa.

Greiddir dvalar- og ferðastyrkir til félagsmanna voru samtals kr:1.158.224 til alls 10 félaga. Veraldlegar eigur eru geymdar hjá gjaldkera sem sér alfarið um fjármál félagsins.

Stjórn



Krabbameinsfélag Austfjarða

Stofnað: 21.apríl 1970

Fjöldi félagsmenn 541

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 16.mars 2021.

Þá var kosin stjórn félagsins en í henni sitja:

Formaður:	Hrefna Eyþórsdóttir
Varaformaður:	Jóhann Sæberg Helgason
Gjaldkeri:	Guðmundur Rafnkell Gíslason
Ritari:	Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir
Meðstjórnendur:	Anna Þóra Árnadóttir
Varamenn:	Jóhanna Ríkey Jónsdóttir, Sunna Björg Guðnadóttir

Framkvæmdastjóri/Starfsmaður er Hrefna Eyþórsdóttir

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á árinu.

Stjórn tók þátt í 4 fundum hjá KÍ

Stjórn tók þátt í 5 fundum/viðburður fyrir hönd félagsins á árinu.

Starfsemi:

Árið 2021 var starfsemin minni en lagt var uppmeð vegna Covid 19 en þegar við settumst niður að taka saman árið var það nú ansi viðburðaríkt. Félagið flutti sig um húsnæði 2x á árinu, tók þátt í fjáröflunarviðburðum, var með fræðsluerindi, hélt úti konuhópi og stofnaði karlahóp. Félagið sinnti forvarnarfræðslu og gerði samstarfssamninga um bæði þjónustu fyrir krabbameinsgreinda sem og samning til að styrkja fjárhag félagsins.

Hópastarf

Konuhópurinn okkar, Krabbakonur í austri, hittist fjórum sinnum á árinu með bæði fræðslu, skemmtun og slökun.

Karlahópur var stofnaður í október með aðstoð frá Guðmundi Haukssyni og Þráni

Þorvaldssyni og hittist sá hópur tvisvar á árinu.

Viðburðir

Mottumars

Mottumars átti að fara hátt en vegna samkomutakamarkana og fjölda smita var það slegið af. Í staðinn var félagið sýnilegt á samfélagsmiðlum á svæðinu og sendi út í pósti efni á íslensku, ensku og pólsku til fræðslu og vitundarvakningar á alla karlavinnustaðina á þjónustusvæði okkar. Í sama pósti fór blað með hlutverki og markmiðum félagsins.

Bleikur október

Stjórnarmeðlimur fór á fund Kiwanis í Neskaupsstað og sagði bæði frá sinni reynslu af því að greinast með krabbamein og frá starfi félagsins.

Formaður fór á bleikan fund Kvenfélags Reyðarfjarðar og sagði frá félaginu og mikilvægi þess og mikilvægi þess baklands sem nærsamfélagið sem við búum í er. Kvenfélagið afhenti félaginu peningagjöf í lok fundar til að styðja áfram við það góða starf sem félagið heldur úti.

Bleik messa var haldin í samstarfi við séra Erlu Jónsdóttur, prest á Reyðarfirði. Það var mjög hugljúf stund, valdeflandi og orkumikil. Þar sagði einn félagsmaður frá sinni reynslu af því að greinast með krabbamein og formaður félagsins sagði frá starfinu og flutningum félagsins. Að lokum var svo kaffi í safnaðarheimilinu.

Innflutningspartý

Félagið hélt innflutningspartý í lok október og var með erindi um flutningana, sögu félagsins og starfið. Boðið var upp á glæsilegar veitingar og spjall og mættu um 50 manns á viðburðinn.

Námskeið

Haldið var eitt námskeið á árinu fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein.

Þar mættu 18 konur og var Lóa Ólafsdóttir með mjög gott og fróðlegt erindi um það að greinast með krabbamein. Mikil ánægja var með erindið sem skapaði miklar umræður og spjall.

Styrkir

Félagið styrkti 16 einstaklinga á árinu.

Styrkirnir eru í formi greiðslu á kostnaði vegna gisti- og aksturskostnaðar meðan á meðferð stendur. Einnig eru styrkir í formi árskorts í sund fyrir einstaklinga með krabbamein í meðferð eða í endurhæfingu. Einnig greiðir félagið kostnað vegna sálfræðimeðferða en vegna aðstæðna var sú þjónusta ekki í boði á árinu.

Heildarupphæð í beina styrki vegna gisti- og aksturskostnaðar skjólstæðinga var 2.842.146

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Félagið tók þátt í forvarnarfræðslu gagnvart sólarvörnum. Gefnar voru sólarvarnir á alla leikskóla á svæðinu sem og fræðluereindi sem var áframsent á alla foreldra leikskólabarna. Félagið fór af stað með fræðsluerindi frá KÍ, í leikskóla fyrir starfsfólk um hlutverk þeirra þegar foreldri greinist með krabbamein.

Aðilar frá félaginu kynntu starf félagsins fyrir bæði Kiwanis og Kvenfélagi Reyðarfjarðar.

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

157 póstar hafa verið birtir á Facebook síðu félagsins. Það eru upplýsingar um málefni sem varða skrifstofuna, deiling á efni frá KÍ, fréttum sem viðkoma krabbameini, réttindamálum, auglýsing viðburða og fræðslu- og forvarnarefni. Síðan er með 754 vini sem fylgjast með starfinu.

Samstarf

Krabbameinsfélag Íslands hefur verið okkur mjög innan handar í mörgum verkefnum og að hafa Evu Írisi hefur breytt svo miklu og aukið aðhald og auðveldað margt. Fræðsludeild KÍ er svo frábært að leita til í tengslum við fræðslu- og forvararmál og hefur deildin lesið yfir fræðsluefni áður en við sendum það frá okkur sem og búið til fræðsluerindi sem við höfum svo flutt.

Krabbameinsfélag Austfjarða og Austurlands hafa talað fyrir auknu samstarfi umfram Hvíldarhelgina að Eiðum sem hefur verið samstarfsverkefni félaganna. Hugmyndavinna og samtal hefur verið á milli félaganna sem vonandi leiðir af sér aukna þjónustu við skjólstæðinga okkar.

Árið 2021 fékk félagið að koma inn í 1.maí hlaup Launafls þar sem hlaupið er frá Reyðarfirði á Eskifjörð að morgni 1.maí og endað í veitingum og sundferð. Hlaupið er orðin styrktarviðburður til styrktar Krabbameinsfélagi Austfjarða og tekur félagið þátt í að manna hlaupið og heppnaðist þetta vel og var skemmtileg stemmning í hlaupinu.

Gerður var þriggja ára samstarfssamningur við Fjarðabyggð á árinu sem hljóðar upp á að félagið sendir þeim fræðsluerindi um forvarnir og einkenni sem sveitarfélagið birtir á Workplace sem nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Félagið fær 500.000 krónur á ári þessi þrjú ár sem samningurinn gildir.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um 98.437 krónur.

Helstu kostnaðarliðir voru rekstur þjónustuskrifstofu og styrkir til krabbameinsgreindra. Helstu innkomuliðir voru félagsgjöld, styrkir til félagsins og sala minningarkorta og að sjálfsögðu hlutdeild félagsins í úthlutun úr Velunnarásjóði KÍ, bæði rekstrar- og verkefnastyrkir.

Lokaorð

Árið hefur verið skemmtilegt og krefjandi. Félagið flutti í nýtt húsnæði í október sem tókst aðeins með gríðarlegu vinnuframlagi einstaklinga og fyrirtækja á svæðinu sem gáfu vinnu og efnivið til að koma húsnæðinu í stand. Félagið er á góðum stað og er jafn frábært og baklandið sem gerir það að verkum að við getum haldið úti þeirri starfsemi sem við gerum.

Fyrir utan að geta stutt við okkar skjólstæðinga og aðstandendur með ráðgjöf, stuðningi og fjárstyrkjum er forvarnarstarf okkur hugleikið og reynum við að sinna því af gaumgæfni og vekja athygli á mikilvægi forvarna hvar sem við komum.

Annars kveðjur félagið árið með þakklæti og nú sem endranær finnum við hvað baklandið okkar er magnað og hlökkum til að halda áfram að gera vel og hafa áhrif.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað 21.apríl 1970 og endurvakið 1.október 2002.

Félagatal ekki haldið.

Stjórn

Formaður:	Snæfríður Svavarsdóttir
Gjaldkeri:	Ólöf Óladóttir
Ritari:	Eyrún Axelsdóttir
Meðstjórnendur:	Ragnheiður Rafnsdóttir og Sonja Garðarsdóttir
Varamaður:	F. Ester Þorvaldsdóttir

Styrkir

Félagið styrkti 2 einstaklinga um kr. 600.000,- á síðasta ári.

Samstarf

Félagið hefur verið í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands hér á Höfn.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð en góð. Helstu kostnaðarliðir voru: ferða- og gistikostnaður til sjúklinga sem fara þurfa til Reykjavíkur v. meðferða og styrkir til sjúklinga. Innkoman síðast liðið ár hefur verið heldur minni en undan-farin ár.

Lokaorð

Árið hefur verið afar rólegt hjá félaginu okkar eins en við horfum bjartsýn fram á veginn.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin



Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. Maí 1971, endurvakið 22.nóvember 2004 og aftur 8. Maí 2009.

Fjöldi félagsmanna: 48

Stjórn

Formaður:	Rannveig E. Bjarnadóttir
Ritari:	Margrét Einarsdóttir
Gjaldkeri:	Erna Ólafsdóttir
Meðstjórnendur:	Elías Guðmundsson, Ingvar Jóhannesson.
Varamaður:	Auður Eyþórsdóttir, Ingibjörg Jenný Lárusdóttir

Starfsemi:

Starfsemi er lítil sem engin hjá okkur. Félagsgjald er kr. 3.000,- og er það eina fjáröflun félagsins. Hver sem þarf á krabbameinsmeðferð að halda á okkar svæði getur sótt um styrk til félagsins vegna endurgreiðslu á húsnæði á meðan dvöl þeirra stendur fjarri heimabyggð.

Takk fyrir samstarfið
Stjórnin



Krabbameinsfélag Rangarvallasýslu

Stofnað: 7.maí 1971 og endurvakið 15.apríl 1993

Fjöldi félagsmanna: ekki haldið félagatal

Stjórn

Formaður: Ólöf Árnadóttir

Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir

Meðstjórnendur: Guðríður Bjarnadóttir, Lilja Einarsdóttir og Sóley Ástvaldsdóttir.

Starfsemi:

Starfsemi var í lágmarki á árinu.

Engir stjórnarfundir voru haldnir og fáeinum styrkjum varðandi húsnæði var útteilt.



Krabbameinsfélag Árnassýslu

Stofnað: 29.maí 1971

Fjöldi félagsmanna: 305

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 11.maí 2021

Þá var kosin stjórn félagsins:

Formaður:	Svanhildur Inga Ólafsdóttir
Varaformaður:	Eygló Aðalsteinsdóttir
Gjaldkeri:	Ingibjörg Jóhannesdóttir
Ritari:	Katrín Klemenzardóttir
Meðstjórnendur:	Guðmunda Egilsdóttir
Varamenn:	Högni Jóhannsson
Starfsmaður:	Erla G. Sigurjónsdóttir

Haldnir voru sex stjórnarfundir á árinu talið frá aðalfundi 2021.

Fulltrúar stjórnar tók þátt í tveimur fundum hjá KÍ

Saga félagsins

Á árunum um 1970 kom saman hópur fólks úr Árnassýslu undir stjórn Brynleifs H. Steingrímssonar, læknis á Selfossi, til að vinna að undirbúningi stofnunar deildar í Krabbameinsfélagi Íslands. Tilgangur þess var meðal annars að koma á fót leitarstöð fyrir krabbamein í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands og Heilsuverndarstöðina á Selfossi, sem þá var nýstofnuð.

Stofnfundur Krabbameinsfélags Árnassýslu var haldinn 29. maí 1971 og er félagið 23. aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands. Á stofnfundinum voru um tuttugu manns, en stofnfélagar urðu 216. Á næstu árum var félagið duglegt að afla félagsmanna og urðu félagar flestir um 520.

Árið 2001 var átak í gangi hjá Krabbameinsfélagi Íslands um að opna svæðisskrifstofur úti á landsbyggðinni og var opnuð skrifstofa Krabbameinsfélags Árnassýslu að Kirkjuvegi 8. Var félagið stutt á þeim stað og fékk inni í húsi Rauða krossins í Árnassýslu árin 2003 til fyrri hluta árs 2005. 2005 var tekið á leigu skrifstofuherbergi að Eyravegi 15 og innifalin voru afnot af fundarsal. Þar var félagið til 2013 og fékk síðan inni að Skólavöllum 1 næstu tvö ár, þar til það fékk aftur inni hjá Rauða krossinum að Eyravegi 23. Var félagið þar þangað til s.l. haust að húsnæðið að Eyravegi 31 var tekið á leigu. Starfsmaður var ráðinn í hlutastarf árið 2002 og er félagið enn með starfsmann á sínum snærum. Sinnir hann rekstri félagsins og heldur utan um starfið.

Margt hefur breyst á síðustu árum varðandi áherslur í starfi krabbameinsfélagsins. Jafnframt því að sinna fræðslustarfi er lögð meiri áhersla á að styðja félagsmenn og halda utan um þá. Frá 1996 hefur félagið greitt hluta af kostnaði fyrir þá sem þurfa að dvelja á sjúkrahótelum á meðferðartíma og einnig tekið þátt í kostnaði við félags- og sálfræðipjónustu. Mikil áhersla er

lögð á félagslega þáttinn og stendur félagið fyrir fyrirlestrum og námskeiðum til sjálfshjálpar. Stuðningshóparnir Brosið og Smárarnir eru starfræktir hjá félaginu.

Starfsemi:

Árið 2021 var stórafmælisár hjá félaginu, sem fagnaði 50 ára afmæli sínu þann 29.maí. Í tilefni þess var ýmsum viðburðum bætt við hefðbundna dagskrá félagsins og áhersla lögð á að gera félagið enn sýnilegra í samfélaginu og sýna þakklæti fyrir veittan stuðning við starfsemi þess. Aðlafundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn á Selfossi þann 29.maí og var öllum fundarmönnum boðið í kaffi og köku í félagsaðstöðu okkar á Eyravegi 31. Í tilefni afmælisins var gefið út afmælisrit þar sem sögu og starfsemi félagsins var gerð góð skil. Ritinu var dreift í hús á nær öllu Árnessýslu svæðinu og sáu sjálfboðaliðar um dreifinguna.

Helsta starfsemi og viðburðir ársins 2021.

Námskeið fyrir sjálfboðaliða haldið í mars 2021. Tveir starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands, Lóa Björk Ólafsdóttir og Eva Íris Eyjólfsdóttir héldu námskeiðið. Félagið hafði kallað eftir námskeiðinu með það að markmiði að sjálfboðaliðar fengju leiðbeiningar og upplýsingar um hutverk sjálfboðaliða svo tryggja mætti samræmt verklag sjálfboðaliða innan félagsins. Fjórtán sjálfboðaliðar tóku þátt á námskeiðinu og var almenn ánægja með efni þess.

Opið hús var áfram þrjá daga í viku og sáu sjálfboðaliðar um að manna vaktirnar. Jafnt og þétt hefur gestum fjölgað á opnunartímum auk þess sem nokkrir félagar hafa það sem fastan lið í sinni daglegu rútinu að koma í opið hús. Að jafnaði hafa verið 5-10 manns verið að mæta í opið hús en mest fór fjöldinn upp í 17 manns. Viðvera Lóu Bjarkar frá Ráðgjafabjónustunni, fyrst á föstudögum en nú á miðvikudögum, hefur aukið komu nýrra félaga í opið hús þar sem margir gefa sér tíma til að staldara við bæði fyrir og eftir viðtöl hjá Lóu.

Félagið tók þátt í **Mottumars** að eins miklu leyti og mögulegt var vegna covid. Ekki var unnt að halda stóra og mannarga viðburði en félagið nýtti samfélagsmiðla til að koma upplýsingum og hvatningu um þátttöku til samfélagsins. Skemmtilegt samtarf myndaðist við GK Bakarí á Selfossi og voru seldir „Ástarpungar“ til styrktar félaginu. Salan gekk vonum framur og sáu sjálfboðaliðar félagsins um að keyra pantanir út til viðskiptavina auk þess sem mikið rennerí var í bakaríinu. Boðið var í MottuMars kaffi í húsnæði félagsins.

Bleikur október var fjölbreyttur og skemmtilegur. Bleika boðið var haldið 29.október 2021 á Hótel Selfossi. Töluverður undirbúningur var fyrir viðburðinn sem fólst í öflun vinninga, auglýsingum og skreytingum fyrir kvöldið sjálft. Covid hafði sannanlega áhrif á viðburðinn en engu að síður varð hann glæsilegur í alla staði og mættu um 150 manns. Bleik messa var haldin bæði í Selfoss kirkju og Þorlákskirkju í Þorlákshöfn. Krabbameinsfélagið tók virkan þátt í messunum og var bæði kynning á starfseminni og sagði félagi frá reynslu sinni af krabbameinsferlinu

Boðið var uppá **fyrirlestra** að jafnaði einu sinni í mánuði. Sem dæmi má nefna fyrirlestur um kvíða, fyrirlestur frá næringarfræðingi og íþrótt-og heilsufræðingi.

Iðja var sett inn í fasta dagskrá 2x í mánuði á haustmánuðum 2021. Þátttaka var því miður ekki mikil og var tekin ákvörðun í lok árs að bíða með að halda Iðjunni inni þar til drægi úr covid áhrifum.

Jóga var áfram í boði 1x í viku líkt og árinu áður. Félagið bauð uppá jóga í samstarfi við Jóga Sálir, félögum að kostnaðarlausu. Þátttaka var því miður ekki mikil og tímarnir illa nýttir. Var

tekin ákvörðun á stjórnarfundum í janúar 2022 að bjóða ekki lengur uppá fasta jógatíma og huga frekar að öðrum leiðum til að efla og styðja félagið til að sinna hreyfingu.

Sálgæsla í desember var í boði á vegum félagsins á aðventunni og sá Margrét Steinunn djáknakandidat um að leiða sálgæsluna. Þátttaka var ágæt og nýttist vel.

Jólakvöldverður var haldinn í desember á Hótel Selfoss. Var félögum og mökum boðið í þriggja rétta kvöldverð gegn mjög vægu gjaldi. Var þátttaka góð og myndaðist kærleiksrík samverustund.

Hópastarf

Hópurinn **Brosið** er jafningjastuðningur opinn öllum félögum, bæði krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra. Hópurinn hittist annan hvern fimmtudag kl.17:00 og að jafnaði eru um 5-8 manns að mæta.

Hópurinn **Smárarnir** er eingöngu fyrir karlmenn og hittist hópurinn annan hvern þriðjudag kl.17:00. Hópurinn er jafningjastuðningur og lögð er áhersla á að bjóða uppá viðburði sem miða að áhugasviði karla. Einn af stjórnarmönnum félagsins heldur utan um starfsemi hópsins. Að jafnaði eru um 3-5 karlmenn að mæta.

Náum Jafnvægi er nýtt úrræði sem félagið fór af stað með í september 2021. Um er að ræða endurhæfingarúrræði sem sótt var um styrk í Velunnarásjóðinn fyrir og gerði styrkurinn félaginu kleift að bjóða uppá tvö, átta vikna námskeið þar sem lögð var áhersla á andlega, líkamlega, -og félagslega þætti. Metnaður var lagður í að fá fagfólk til liðs við félagið til að bjóða uppá faglegt starf byggt á gagnreyndum aðferðum. Umsjónarmaður var ráðinn inn í verkefnið og fylgir hann hópnum eftir í gegnum allt úrræðið. Úrræðið var auglýst bæði á samskiptamiðlum, heimasíðu félagsins, í fréttamiðlum og auglýsingum var dreift til heilbrigðisstarfsmanna sem vinna með einstaklingum í krabbameinsferlinu. Lítill hópur tók þátt á haustmánuðum en trú stjórnar Krabbameinsfélags Árnessýslu á þörf og gildi slíks úrræðis á Suðurlandi hvetur okkur áfram til að halda úti úrræðinu og hafa trú á að það sanni gildi sitt og þátttakendum muni fjölga.

Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

Félagið heldur úti heimasíðu sem leggja mætti meiri vinnu í að halda virkri.

Slóðin á heimasíðuna er www.krabbameinsfelagarnessyslu.is

Facebooksíða félagsins

Facebooksíða félagsins er helsti auglýsinga og samskiptavettvangur félagsins

Félagið heldur úti tveimur síðum, annarsvegar „like“ síðu þar sem tæplega sjö hundruð manns fylgjast með og hinsvegar lokaðan facebookhóp sem heitir Brosið og 266 einstaklingar eru inn á. Brosið er jafningjastuðningshópur sem hittist hálfsmánaðarlega í húsnæði félagsins og fara töluverð samskipti og upplýsingagjöf fram á síðunni.

Auglýsingar

Keyptar eru auglýsingar í fréttamiðlum (DFS) á suðurlandi ef um er að ræða viðburði eða fyrirlestra.

Formaður félagsins skrifar greinar í fréttamiðla og á heimasíðu af og til, til að auka athygli á starfsemi félagsins.

Samstarf

Félagið er í virku samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands um að veita ráðgjöf og stuðning til einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra. Ráðgjöfin fer fram í húsnæði félagsins að Eyravegi 31 á Selfossi. Ráðgjafi frá Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélag Íslands kemur hálfsmánaðarlega á Selfoss til að veita stuðningsviðtöl. Mikil aukning hefur verið á milli ára á nýtingu viðtala við ráðgjafann.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð (sjá ársreikning).

Helstu kostnaðarliðir voru: Laun starfsmanns og launatengd gjöld, rekstur húsnæðis (leiga og almennur rekstur). Námskeið, veitingar, styrkir til félagsmanna vegna samtalsmeðferðar.

Helstu innkomuliðir voru: Félagssgjöld, gjafir frá félagasamtökum, styrkveiting úr velunnarasjóði

Krabbameinsfélag Íslands, styrkir frá fyrirtækjum. Styrkir frá Bakhjörllum sem renna óskipt til reksturs húsnæðis.

Sótt var styrki til: Krabbameinsfélags Íslands



Lokaorð

Árið 2021 var áskorun út í eitt. Covid hafði mikil áhrif á skipulag starfseminnar og framkvæmd viðburða og ekki síst á þátttöku á viðburðum. Starfið var skipulagt „með fyrirvara“ um hvort hægt yrði að halda viðburði með tilliti til sóttvarnaraðgerða. Það verður að segjast að takmarkanir og hamlanir drógu að nokkru leyti úr drifkraftinum sem hefur verið ríkjandi í félaginu, óvissa og oft vonbrigði þegar hætta þurfti við viðburði sem búið var að leggja mikla vinnu í að skipuleggja. Ef árið væri teiknað upp í línurit þá væri það mjög hlykkjótt og í ójafnvægi. Línuritið hefði risið upp í maí og í október þegar hægt var að halda fjölmenna og glæsilega viðburði, sbr afmælishátíðina og Bleikan október. Línuritið lægi á botninum þegar loka þurfti á alla starfsemi félagsins vegna sóttvarnartakmarkana eða þegar eingöngu var hægt að hafa opið hús en fáir sem enginn mætti.

Það verður að teljast mikil þrautegja meðal sjálfboðaliða félagsins sem hafa tekið að sér það hlutverk að standa vaktina í opnu húsi viku eftir viku og gestafjöldinn er lítill sem enginn. Sjálfboðaliðar hafa lagt sig fram um að gera starfsemi félagsins sýnilegri, gefið af tíma sínum, gefið kærleika og hlýju til félagsmanna og er mikilvægt að sjálfboðaliðum sé gefið þakklæti fyrir sín störf. Stjórnin gaf sjálfboðaliðum jólaglaðning í desember og sýndi þeim þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu félagsins.

Ef horft er til áhrifa covid á starfsemi félagsins síðustu tvö ár þá má finna að dregið hefur úr áhuga til nýrra verkefna og þátttöku á viðburðum. Ákveðin þreyta er að gera vart við sig sem bregðast þarf við. Verkefnið sem stjórnin stendur nú frammi fyrir á nýju starfsári er að finna

leiðir til að efla þátttöku að nýju, finna leiðir til að ná til fólks á þeirra forsendum og kveikja áhuga þeirra á að vera hluti af öflugu samfélagi sem Krabbameinsfélag Árnassýslu er orðið.

Takk fyrir samstarfið á árinu.
Stjórnin



Krabbavörn Vestmannaeyjum

Stofnað: 25. Apríl 1949 (endurvakið 03.05.1990)

Fjöldi félagsmanna 563

Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 11.03.2021

Þá var kosin ný stjórn félagsins en í henni eru:

Formaður:	Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir
Varaformaður:	Margrét Þóra Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Kolbrún Anna Rúnarsdóttir
Ritari:	Ingibjörg Andrea Brynjarsdóttir
Meðstjórnendur:	Kristín Valtýsdóttir
Varamenn:	Olga Sædís Bjarndóttir
Framkvæmdastjóri/Starfsmaður	Kolbrún Rúnarsdóttir

Á starfsári 2021 voru haldnir 9 stjórnarfundir.

Stjórn tók þátt í 2 fundum hjá KÍ

Saga félagsins

Krabbavörn Vestmannaeyja stendur á gömlun grunni, það var stofnað af Einari Guttormssyni lækni 25.04.1949, félagið var þá deild innan Krabbameinsfélags Íslands og fór 1/3 hluti af innkomu félagsins til KÍ. Eftir að hafa starfað um tíma féll starfsemi félagsins niður en var endurvakið 03.05.1990 og hefur starfað nær óslitið síðan.

Krabbavörn Vestmannaeyja er grasrótasamtök sem vinna þarft verk og nýtur starfið velvildar og þakklæti í samfélagi Vestmannaeyja. Félagið er starfrækt eingöngu á styrkjum og öll vinna í nafni félagsins er sjálfboðavinna.

Haldnir voru 9 margir stjórnarfundir á árinu.

Stjórn tók þátt í 2 fundum hjá KÍ

Starfsemi:

Starfsemi félagsins var með þeim hætti, að opin fundur var alla þá þriðjudaga sem leyfilegt var, kl. 13-15 þar sem bæði þeir sem hafa fengið krabbamein og þeir sem voru búnir að yfirstíga veikindin ásamt aðstandendum. Sú nýbreytni var á árinu 2021 að sofnaður var karlahópur innan félagsins, þeir hittast alla miðvikudaga kl.20-22 og hefur sú starfsemi farið vel af stað

Hópastarf

Þriðjudagshópurinn

Karlahópurinn

Viðburðir

Ákveðið var fresta enn og aftur tónleikahaldi sem átti að vera í marsmánuði vegna Covid og freista þess að árið 2022 myndi gefa okkur betri möguleika á þeim viðburði.



Mottumars sló heldur betur í gegn hjá félaginu en Viktor Rakari ásamt vel skeggjuðum lögreglumanni settu af stað áheiti til félagsins. Fór rakstur lögreglumannsins fram í beinni útsendingu sem tímaritið Tígull sá um, Lögreglumaðurinn lét heita á sig að hver sá sem myndi commenta eða líka þennan atburð yrði að leggja inn á reikning Krabbavarnar að lámarki 1.000kr. Þetta framtak fór langt umfram væntingar hjá öllum sem stóðu að þessum viðburði. Sjö tinda ganga er fastur liður hjá Vestmannaeyingum um jónsmessu og var þátttaka góð og veitt hún okkur fjárstyrk

Bleikur október var fyrirferðamikill hjá félaginu, bleikt boð var haldið og var þátttakan slík að ákveðið var að hafa næsta boð í Höllinni. Bleik messa var haldin og þar komu fram þær Kristín sem sagði sögu sína sem aðstandandi krabbameinssjúklings og Kolbrún sem sagði frá starfsemi félagsins.

Áramótaganga er fastur þáttur af jólahaldi hjá mörgum eyjamönnum, en þar greiðir fólk gjald til að taka þátt í gögnunni sem rennur til Krabbavarnar, eins og í fyrra þá gegnur einstaklingar sínar leiðir í litlum hópum vegna Covid.

Styrkir

Félagið styrkti 30 einstaklinga á árinu.

Félagið hefur greitt meðferðastyrki, styrki vegna íbúðar og sjúkrahótelkostnaðar, útfarastyrki og styrkt til sálfræðiaðstoðar

Samtals að upphæð kr. 5.004.793

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

Ca 150 póstar hafa verið birtir á facebooksíðu félagsins árið 2021. Síðan er með 1.535 vini sem fylgjast með starfinu

Bæjarblöðin hafa verið duglega að fjalla um starfsemi félagsins.

Samstarf

Krabbavörn hefur verið í samstarfi við ÍBV Íþróttafélag, Friðarból sem sér um áramótagönguna og Rakarastofu Viktors, Tígul, Úlli open svo eitthvað sé nefnt

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð/neikvæð.

Helstu kostnaðarliðir voru: Styrkir til félagsmanna

Helstu innkomuliðir voru styrkir frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum

Sótt var styrki til: KÍ vegna sálfræði aðstoðar

Lokaorð

Starfsemi ársins 2021 var slitrótt vegna Covid, þrátt fyrir það var reynt að halda í starfseminni eins og vera mætt. Félagið er lánsamt að það er ofarlega í huga styrktaraðila sem sýnir félaginu kærleik, stjórn krabbavarnar er ævinlega þakklátt fyrir allan þann kærleik sem félaginu er sýnt.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin



Krabbameinsfélag Suðurnesja

Stofnað: 15.nóvember 1953.

Fjöldi félagsmanna: 900

Stjórn:

Formaður:	Agnar Guðmundsson
Gjaldkeri:	Guðlaugur Grétar Grétarsson
Ritari:	Kristín Gyða Njálsdóttir
Meðstjórnendur:	Styrmir Geir Jónsson, Haukur Hilmarsson Ágústa Kristín Grétarsdóttir
Varamenn:	Hannes Friðriksson

Alls voru haldnir 8 stjórnarfundur á árinu

Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Suðurnesja er Sigríður Erlingsdóttir

Saga

Krabbameinsfélag Suðurnesja var stofnað af Rótarýfélagi Keflavíkur sem stendur fyrir mannúðar- og menningarstarfi til góðvildar og friðar í heiminum. Rótarýfélagið er bakhjarl og verndari félagsins sem er sjálfstætt starfandi og eitt af aðildarfélögum Krabbameinsfélags Íslands. Helstu verkefni félagsins er stuðningur, fræðsla, hópastarf ásamt viðburðum og námskeiðum fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur.

Þjónustumiðstöð

Smiðjuvöllum 8

230 Reykjanesbær

S: 421-6363

Netfang: sudurnes@krabb.is

Starfsemi:

Sigríður Erlingsdóttir framkvæmdarstjóri Krabbameinsfélags Suðurnesja sinnir almennum skrifstofustörfum fyrir félagið og veitir sjúklingum og aðstandendum allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Suðurnesja. Hún sinnir einnig kynningu á starfsemi félagsins, skipuleggur námskeið, heldur utan um hópastarf félagsins og vinnur að öflun nýrra félagsmanna. Skrifstofan er opin á mánudögum og miðvikudögum frá 12-16 og utan opnunartíma eftir samkomulagi. Helstu upplýsingar um félagið og starfsemi þess er á facebooksíðu félagsins og einnig í síma 421-6363 eða sudurnes@krabb.is.

Árið 2021 var heldur tíðindalítið vegna ástandsins í samfélaginu, Covid-19. Hafði Covid-19 mikil áhrif á okkar starf og mætingu á þjónustuskrifstofunna okkar.

Hópastarf

Stuðningur kvenna sem greinst hafa með krabbamein hélst þrátt fyrir covid en þörf var á skráningu til að lámarka hættu á covid smiti. Var farið eftir sóttvarnareglum svo starfið gæti haldist en það var lítið gert annað en að hittast og deila reynslu sinni. Hittingur er á miðvikudögum frá kl. 14-16. Umsjónarmaður hópsins er Sigríður Erlingsdóttir, forstöðumaður Krabbameinsfélags Suðurnesja.

Jafningjastuðningur karla sem greinst hafa með krabbamein hóf göngu sína um vorið 2021 sem Árni Björn Ólafsson hélt utan um og var ágætis mæting þar. Þeir hittust annan hvorn laugardag á þjónustuskrifstofunni. Eftir sumarfrí þá var reynt að fara að stað aftur en það gekk ekki og lítið um mætingu. Það verður vonandi komið af stað öðrum hóp því það er þörf á því.

Viðburðir

Mottumars

Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur í „Mottumars“ staðið að fjáröflun fyrir félagið með sölu á bolum sem tengjast karlmönnum og krabbameinum. Gallerí Keflavík hefur verið í samvinnu með okkur og selt bolina. Ágóði sölunnar hefur farið til góðra verka og stutt okkar félagsmenn.

Mottumars messan var haldin í Keflavíkirkirkju og sungu Karlaraddir Keflavíkurkórs undir stjórn Arnórs Vilbergssonar. Styrmir Geir Jónsson, formaður KS, kynnti félagið og deildi Árni Björn Ólafsson sinni reynslusögu að greinast með krabbamein.

Bleikur október

Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur í „Bleikum október“ staðið að fjáröflun fyrir félagið með sölu á bolum sem tengjast konum og krabbameinum. Gallerí Keflavík hefur verið í samvinnu með okkur og selt bolina. Ágóði sölunnar hefur farið til góðra verka og stutt okkar félagsmenn.

Bleika messan var haldin í Sandgerðiskirkju og voru félagar úr Kór Útskála- og Hvalsnessókna sem sungu undir stjórn Keith Reed organista. Formaður Krabbameinsfélags Suðurnesja, Styrmir Geir Jónsson kynnti félagið og deildi Sigrún Harpa Arnrúnardóttir sinni reynslusögu að greinast með krabbamein.

Námskeið

Stuðningur kvenna fór á leirnámskeið á vegum Krabbameinsfélags Suðurnesja og Drífu Káradóttur leirlistakonnu.

Styrkir

Krabbameinsfélag Suðurnesja hefur stutt við einstaklinga sem þurfa fjárhagsaðstoð að halda eftir greiningu, bæði tengt meðferðum og einnig endurhæfingu eins og sálfræðikostnað og fleira. Minningarsjóður Auðar Bertu og Sveins Wium, sem er styrktarsjóður fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein, er tileinkaður þeim sem eiga sárt um að binda í því ferli að greinast með krabbamein. Árið 2021 voru veittir styrkir að upphæð 700.000 kr. til einstaklinga.

Markaðsstarf og kynningarmál

Facebooksíða félagsins

Helsta upplýsingasíða félagsins er facebooksíðan okkar. Um 1100 manns er að fylgjast með síðunni og reynum við að koma sem flestum upplýsingum á framfæri ásamt áframdeilingar á efni Krabbameinsfélags Íslands. Við auglýsum alla viðburði þar og reynum að ná til sem flestra.

Við auglýsum einnig í bæjarblaðinu Víkurfréttir þegar viðburðir eru og fleira.

Vefsíða félagsins er í vinnslu og verður aðgengi fyrir upplýsingar og fleira betra þar sem ekki allir eru á samfélagsmiðlum. Það verður mikil búbot að fá vefsíðu fyrir félagið.

Samstarf

Samningur var gerður við Reykjanesbæ, Heilsugæslu Suðurnesja og Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélagsins á árinu til að bjóða upp á ráðgjöf og stuðning án endurgjalds á Suðurnesjum fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur. Þetta er stór bætt þjónusta fyrir Suðurnes og var mikil þörf að fá bætt aðgengi að ráðgjafateymi KÍ. Ráðgjafi kemur tvisar í mánuði og hefur aðsetur á þjónustuskrifstofu Krabbameinfélags Suðurnesja og hefur þessi þjónusta verið vel nýtt og aðsókn góð sem sýnir að þörfin er mikil.

Aukið samstarf hefur verið á milli Krabbameinsfélags Suðurnesja, Reykjanesbæjar og Heilsugæslu Suðurnesja á síðastu ár til að bæta þjónustu við bæjarbúa á Suðurnesjum. Helst má nefna aukið samstarf við lyfjagjafadeild HSS.

Lokaorð

Árið var bæði viðburðarlítið og viðburðarmikið en covid setti stórt strík í reikninginn á alla viðburði og hópastarfsemi. En á móti var fundið aðrar leiðir til að koma til móts við þá sem þurfa á þjónustu okkar að halda. Rafræn samskipti koma aldrei í staðin fyrir venjuleg samskipti, maður á mann, en þá er aðlagast breyttum aðstæðum til að koma til móts við skjólstæðinga okkar. Á nýju ári er von fyrir viðburðarmeiri ári og breyttum aðstæðum sem gerir okkur kleift að bæta og auka þjónustu okkar og gera hana aftur persónulegri.

Takk fyrir samstarfið.

Stjórnin



Brjóstaheill – Samhjálp Kvenna

Stofnað: 1979 og sem formlegt félag sjálfboðaliða árið 2001

Fjöldi félagsmanna: um 100

Stjórn:

Formaður:	Brynja Björk Gunnarsdóttir
Varaformaður:	Anna Sigríður Arnardóttir
Ritari:	Dóra Júlíussen
Gjaldkeri:	Thelma Hólm Másdóttir
Meðstjórnendur:	Heiða Birgisdóttir, Hildur Baldursdóttir, Guðrún Kristín Svavarsdóttir
Bakhjarlar stjórnar:	Guðrún Sigurjónsdóttir, Hrefna Ingólfssdóttir

Starfsemi:

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna, evrópusamtökum brjóstafélaga og starfa með samtökunum. Við erum einnig í góðum og nánnum samskiptum við norrænu brjóstasamtökin. Annað hvert ár er haldin norræn ráðstefna brjóstasamtaka á norðurlöndum en 2018 var hún haldin í Færeyjum en fyrirhugað var að halda ráðstefnuna 2020 í Finnlandi en henni hefur var frestað til 2021 vegna Kórónuveirufaraldursins. Enn á ný hefur henni verið frestað en hún verður haldin í Helsinki 2022 og í Kaupmannahöfn 2024. Við höldum hana á Íslandi árið 2016 og var hún vel sótt. Í fyrra urðum við einnig að fresta okkar góða verkefni „kastað til bata“ og verða því í ár farnar tvær ferðir í Langá á Mýrum með tvo 12 manna hópa kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein. Verkefnið varð 10 ára 2019 en verkefnið „kastað til bata“, samstarfsverkefni okkar og Ráðgjafabjónustu KÍ er haldið ár hvert og hefur löngu sannað gildi sitt. Þar býðst konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í laxveiði, undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig eru í för sjálfboðaliðar frá Brjóstaheillum – Samhjálp kvenna, konunum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist eindæmum vel og hafa konurnar sem farið hafa haldið hópinn, stutt hver aðra og hafa einnig boðið sig fram sem sjálfboðaliðar í framhaldinu. Á hverju ári sækjum við erlendar ráðstefnur, námskeið og fundi á vegum Europa Donna en sökum heimsfaraldursins var slíkum heimsóknum slegið á frest en hist á zoom fundum og sótt ráðstefnur yfir netið.

Bleika málþingið var haldið 27. október s.l. í húsnæði KÍ og var haldin á netinu.

Yfirskrift þessa málþings var „brjóstakrabbamein – fordæmalausir tímar“ og dylst engum að þetta ár hefur verið erfitt á margan hátt um allan heim. Málþingið var líka í fyrsta sinn einungis rafrænt eins og svo margt um þessar mundir.

Námskeiðið „Mín leið“ sem er að breskri fyrirmynd, ætlað konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og hafa lokið meðferð var haldið á vor- og haustmánuðum og var mikil ánægja með þessi námskeið og eru þau komin til að vera að okkar mati. Þetta námskeið er samstarfsverkefni Landspítalans, Ráðgjafabjónustu KÍ og Brjóstaheilla – Samhjálp Kvenna. Næsta verkefni teljum við vera sambærilegt námskeið ætlað konum með krónískt brjóstakrabbamein.

Við erum með stuðningssíma sem auglýstur er á síðu félagsins og geta konur sem vilja spjall eða ráðgjöf hringt í hann að vild.



Við stefnum á að halda aðalfund í lok sumars og nota sumarið til að leggja drög að skipulagi starfsins innan félagsins fyrir næsta vetur og fyrir næstu stjórn til að styðjast við og fá hugmyndir.

Brynja Björk Gunnarsdóttir
Formaður

Framför – félag BHKK greindra

Stofnun 12. Febrúar 2007 og endurreist 8.apríl 2019

Félagsmenn: 50

Stjórn:

Á aðalfundi 17. október 2020 var kosin ný stjórn félagsins og í henni sitja:

Formaður:	Þráinn Þorvaldsson
Gjaldkeri/varaformaður:	Hinrik Greipsson
Meðstjórnendur:	Henry Granz
Fulltrúi Góðir hálsar:	Jakob Garðarsson
Fulltrúi Frískir menn:	Guðmundur Einarsson
Fulltrúi Traustir makar:	Laila Margrét Arnþórsdóttir
Framkvæmdastjóri:	Guðmundur G. Hauksson

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu.

Stjórn tók þátt í 21 fundum/viðburðum fyrir hönd félagsins á árinu

Saga félagsins

Krabbameinsfélagið Framför var stofnað þann 12. febrúar 2007. Aðal hvatamaður að stofnun félagsins var Oddur Benediktsson. Markmið félagsins í upphafi var að afla fjár til að styrkja rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og efla baráttuna gegn því. Félagið var öflugt undir stjórn Odds. Framför styrkti m.a. umfangsmikið rannsóknarverkefni varðandi krabbamein í blöðruhálskirtli við Miðstöð Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum. Að tilstuðlan Framfarar var bókin „Cooking with food that fight cancer“ þýdd. Titill bókarinnar á íslensku er: Bragð í baráttunni – matur sem vinnur gegn krabbameini. Útgefandi var JPV útgáfa. Mörg önnur verkefni, sem ekki verða talin upp hér, voru í höndum félagsins. Þegar Oddur féll frá árið 2010 dró mjög úr starfsemi félagsins.

Dagleg starfsemi

Árið einkenndist mikið af Covid og takmörkunum á því að fólk gæti komið saman. Þess vegna var starfsemi stuðningshópa háð miklum takmörkunum, en samt tókst í lok árs að stofna nýjan stuðningshóp fyrir maka karla með krabbamein í blöðruhálssi. Framkvæmdastjóri var í 60% starfi mest allt árið, en 20% starfi yfir sumarmánuðina. Skrifstofuaðstaða félagsins var hjá Krabbameinsfélaginu ásamt aðgangi að fundarherbergjum, en starfsmaður vann að heiman mikið af árinu.

Þar sem takmarkanir voru á hittast var mikið um netfundi á Zoom og Teams á árinu. Einnig var streymt á netinu frá mörgum viðburðum og mikill fjöldi aðila vítt og breytt um landið sem nýtti sér þetta.

Hópastarf

Félagið starfrækir í dag tvo stuðningshópa fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og einn stuðningshóp fyrir þeirra maka og aðstandendur:

Frískir menn – menn sem greinst hafa með BHKK og eru í virku eftirliti.
Góðir hálsar/Blöðruhálsar – menn sem hafa greinst með BHKK og farið í meðferð.
Traustir makar - stuðningshópur fyrir maka og aðra aðstandendur stofnaður.

Viðburðir

Framför stóð fyrir kynningar- og upplýsingafundi á netinu 26. nóvember kl. 16:00 fyrir alla skráða félagsmenn og aðila í stuðningshópum.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Settur var upp kynningarbæklingur um starfsemi og þjónustu félagsins og einnig var prentað sérstakt rit með heildarstefnumótun félagsins. Vefsíða félagsins var og er alltaf í sífelldri þróun og einnig var stöðugt unnið í að setja inn efni á Facebook síðu. Opnuð var ný undirsíða á vefsvæði félagsins www.framfor.is/ertuivirkueftirliti með upplýsingum um Virkt eftirlit með krabbameini í blöðruhálskirtli.

Tekið var þátt í verkefninu Karlarnir og kúlurnar með Krabbameinsfélaginu sem er árlegt golfmót karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli.

Framkvæmdastjóri félagsins ásamt greindum aðila með blöðruhálskirtilskrabbamein var á árinu í spjalli í fyrsta þætti N4 sjónvarpsstöðvarinnar Kaffispjall.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Lagður var grunnur að verkefninu „Þín leið“ sem er hugsað sem markvisst fræðslu- og upplýsingaferli sem nær yfir allt krabbameinsferlið hjá körlum sem greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli. Fyrsta skrefið var að leggja grunn að samstarfi við Félag þvagfæraskurðlækna á Íslandi um upplýsingagögn sem væru afhent við greiningu og um leið skapaður aðgangur að sérstakri vefsíðu www.framforiheilsu.is þar sem væri að finna faglegar upplýsingar sem væru viðurkenndar af Félagi þvagfæraskurðlækna. Viðræður um þetta verkefni og undirbúningur á upplýsingaefni og hönnun á vefsíðu var komið í ákveðinn farveg í lok ársins.

Sent var út mánaðarlega fréttabréf í tölvupósti til allra aðila á skrá hjá félaginu. Þar voru kynntir viðburðir mánaðarins kynntir ásamt fjölbreyttum fréttum úr starfi félagsins.

Byrjað var á árinu að undirbúa sérstaka vinnustofu fyrir karla sem hafa farið í meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli og þeirra maka un nánd og kynlíf.

Markaðsstarf og kynningarmál

Hannaður var kynningarstandur og prentaður til að nota á viðburðum félagsins. Sett var í gang auglýsingaherferð á Facebook sem skilaði nokkrum nýjum félagsmönnum. Haldið er úti mánaðarlegri viðburðarskrá á vefsvæði félagsins með yfirliti yfir alla viðburði hjá félaginu. Krabbameinsfélaginu og Ljósinu.

Undirbúin var þarfagreiningarfundur á netinu og boð um þátttöku sent á öll aðildarfélög.

Nánast engin viðbrögð voru við þessu og var því þessu verkefni aflýst.

Sett var upp viðburðarsíða á vef félagsins þar sem kynntir voru allir viðburðir hjá Framför, Krabbameinsfélaginu og Ljósinu.

Farið var í fjölmörg viðtöl í fjölmiðlum s.s. Rúv morgunútvarpip, Hringbraut, N4 og fleiri. Einnig voru skrifaðar blaðgreinar í dagblöð.



Fjáröflunarverkefni

Lagður var grunnur að nokkrum fjáröflunarverkefnum í upphafi árs og þau tilkynnt til Krabbameinsfélagsins. Þar má nefna Bláa treflinn www.blaitrefillinn.is sem hugsað var sem árleg vitundarvakning í nóvember um krabbamein í blöðruhálskirtli og um leið fjáröflun með því að selja Bláa trefilinn. Þetta verkefni fór af stað í fyrsta skipti í nóvember 2021 og haldinn var Blái göngudagurinn í Heiðmörk sem var vel sóttur. Einnig var gefið út átta síðna kynningarblað um átakið sem dreift var með Fréttablaðinu og í fyrsta skipti fór fram sala á barmmerki Bláa trefilsins. Þar sem óvissa var um hvort barmmerkin myndu berast í tíma frá Kína, þá var salan þetta árið í takmörkuðum mæli. Vegna þessa voru til um áramót um 9.500 óseld barmmerki. Prentaðir voru tveir auglýsingastandar til að nota í þetta verkefni sem meðal annars voru notaðir á Bláa hlaupadeginum í Heiðmörk og við sölu á barmmerki Bláa trefilsins í Kringlunni og fleiri stöðum. Gaman að geta þess að Þorsteinn Ingimundarson seldi barmmerki á nokkrum stöðum og sýndi þar og sannaði hvað hægt er að selja mikið ef viljinn er fyrir hendi. Verkefnið er og verður unni í samstarfi við auglýsingastofuna Ennemm varðandi alla framsetingu og framkvæmd og fyrirtækið Öflun varðandi sölu á styrktarlínum í kynningarblað.

Byrjað var að þróa forvarnarverkefni fyrir karllæg fyrirtæki www.framforogfyrirtaeki.is sem enn var í undirbúningsvinnu og þróun í lok ársins.

Opnuð var ný vefverslun á vefsvæði félagsins www.framfor.is/vefverslun sem enn var í vinnslu og þróun í lok árs.

Á stjórnarfundum í desember 2021 var samþykkt að sækja ekki um áframhaldandi styrki í Velunnarasjóð Krabbameinsfélagsins og fara af stað með eigið mánaðarlegt styrktarkerfi. Viðræður voru í gangi um áramót að framkvæma þetta í samstarfi við fyrirtækið Öflun. Í þessu verkefni var samþykkt að eiga samstarf við Rauða krossinn um innleiðingu á Salesforce NPSP (Nonprofit Success Pack) sem er sérhæfur CRM hugbúnaður hannaður fyrir félagasamtök sem rekin eru án hagnar sjónarmiða og halda þar í eigin umhverfi félagsins utanum væntanlegt mánaðarlegt styrktarkerfi. Advania er sérhæfur tæknilegur ráðgjafi varðandi innleiðingu á þessum Salesforce NPSP CRM hugbúnaði. Notkun á honum er endurgjaldslaus fyrir félagið.

Tekið var þátt í fræðsluverkefnum með Wecam í genum Euomo evrópusamtök karla með krabbamein í blöðruhálskirtli og m.a. sett upp fagleg stefnumótun um framkvæmd á fjáröflunum og hún samþykkt í stjórn um viðmiðun félagsins í þessu umhverfi.

Félagsstarf

Nokkuð var um samstarf við aðildarfélög Krabbameinsfélagsins og framkvæmdastjóri og stjórnarformaður heimsóttu aðildarfélög á Selfossi og Akureyri með kynningu á félaginu og heimsóttu Krabbameinsfélag Austfjarða og aðstoðuðum þar við að stofna stuðningshóp karla með krabbamein.

Mikil vinna var á árinu lögð í stefnumótun um samfélagslega umhverfið „Hellirinn“ varðandi félagstarf í félaginu til framtíðar. Þar er um að ræða stuðningshópa, tómstundahópa, vinahópa, gönguklúbba, íþróttahópa og almennt félagstarf s.s. kaffistofu og súpuhitning. Nafnið Hellirinn er myndlíking fyrir að eldri karlmenn eiga til að einangra sig og sækja tilfinningalegan stuðning mest til sinna maka. Við köllum þetta "Hellirinn" vegna þess að

Þetta umhverfi okkar er sérhæft fyrir karlmenn og hugsað til að opna hellana og tengja þá saman. Markmiðið með þessu samfélagi hjá Krabbameinsfélaginu Framför er að skapa öflugt félagslegt umhverfi fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra maka. Stuðla að samveru, samkennd, fræðslu og þekkingu varðandi leiðir og valkosti til að takast á við stöðuna með það að markmiði að ná fram góðum lífsgæðum á öllum stigum þess sem fylgir að upplifa krabbamein í blöðruhálskirtli.

Styrkir

Félagið fékk á árinu úthlutað þjónustustyrk frá Velunnarasjóði Krabbameinsfélags Íslands og fékk einnig starfsstyrk frá Heilbrigðisráðuneytinu á árinu. Á stjórnarfundum félagsins í desember 2021 var samþykkt að sækja ekki um áframhaldandi styrki í Velunnarasjóð Krabbameinsfélagsins og fara af stað með eigið mánaðarlegt styrktarkerfi. Megin ástæða fyrir þessari ákvörðun var mat um að félagið gæti ekki komið sínum framtíðaráformun í framkvæmd nema með eigin öflugum fjáröflunarverkefnum.

Stefnumótun og markmiðasetning

Á árinu 2021 var unnið að ítarlegri stefnumótun og markmiðasetningu fyrir Framför. Framtíðarsýn er afar mikilvæg fyrir öll félagssamtök ekki síst aðildarfélög Krabbameinsfélagsins. Lögð var mikil vinna í mótun þessara framtíðarsýnar sem síðan var rædd og samþykkt af stjórn félagsins sem framtíðargrundvöllur fyrir starfsemina hjá Framför. Úr þessari vinnu varð til vegleg skýrsla „Manifesto“ (stefnuyfirlýsing). Þessi stefnuyfirlýsing er nú grunnurinn að starfsemi félagsins.

Samstarf

Framför átti á árinu 2021 gott samstarf við starfsfólk Krabbameinsfélags Íslands og hefur notið stuðnings frá starfsmönnum félagsins. Rétt er að það komi fram að stjórnendur hjá Krabbameinsfélagi Íslands og Framför líta ekki alltaf sömu augum á verkefnin. Meðal annars fékk ofangreint „Manifestó“ eða stefnumótun um framtíðarsýn félagsins töluverða gagnrýni frá Krabbameinsfélaginu. Mikilvægt er að hafa það í huga að þeir aðilar sem starfa að krabbameinsmálum og eru að vinna að sömu markmiðum ná betri árangri með samstilltu átaki þeirra sem starfa í þessum málaflokk.

Framför hefur lagt grunn að góðu samstarfi við Ljósið og fulltrúi frá þeim situr í stjórn félagsins. Viðræður eru í gangi um að móta þetta samstarf enn frekar og starfa náið saman að sameiginlegum málflokkum félaganna.

Nokkuð var um samstarf við aðildarfélög Krabbameinsfélagsins. Framkvæmdastjóri og formaður heimsóttu Krabbameinsfélag á Akureyrar með kynningu á félaginu. Einnig heimsóttu þeir Krabbameinsfélag Austfjarða og aðstoðuðu þar við að stofna stuðningshóp karla með krabbamein. Framkvæmdastjóri heimsótti einnig Krabbameinsfélag Árnessýslu.

Framför er aðili að Evrópusamtökum blöðruhálskirtilsgreindra karla Europa Uomo sem er öflugur málsvari og stuðningssamtök BHKK samtaka í 27 Evrópulöndum -



<https://www.europa-uomo.org> . Aðalfundur samtakanna árið 2021 var haldinn á Zoom og formaður Framfarar tók þátt í fundinum fyrir hönd félagsins.

Framför vinnur með samtökunum ASPI (Active Surveillance Patients International) sem eru alþjóðleg samtök karla sem eru í Virku eftirliti eftir greiningu á krabbameini í blöðruhálskirtli. Þráinn Þorvaldsson formaður Framfarar er einn af fjórum stofnendum samtakanna og er stjórnarmaður. Hann gegnir þar stöðu sem VP of International Operations“ - <https://aspatients.org/> Markmið samtakanna eru að vekja athygli á Virku eftirliti sem valmöguleika við greiningu á blöðruhálskirtilskrabbameini og veita stuðning körlum sem velja þessa leið. Samtökin standa fyrir vel sóttum fyrirlestrum á netinu síðasta laugardag í hverjum mánuði.

Lokaorð

Árin 2019 og 2020 voru viðburðarík við að endurreisa félagið og marka því nýja og markvissa stefnu varðandi stuðning, þjónustu og fræðslu við karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli og þeirra aðstandendur. Á árinu 2021 hefur mikil vinna verið lögð í að móta grunninn að þessari framtíðarstarfsemi byggt á fyrirliggjandi stefnumótun „Manifesto“ og að móta fjáröflunarstarf til að standa undir þeim framtíðar áformum. Búið er að leggja grunn að öflugum fjáröflunarverkefnum sem vonir standa til að skili því fjármagni sem þörf er á til að koma þessum framtíðar áformum félagsins í framkvæmd.



Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein

Stofnað: 1. október 1999

Fjöldi félagsmanna: 985

Stjórn:

Formaður:	Elín Sandra Skúladóttir
Varaformaður:	Arnar Sveinn Geirsson
Ritari:	Ragnheiður Guðmundsdóttir
Gjaldkeri:	Guðni Þór Jóhannsson
Meðstjórnendur:	Linda Sæberg
Varamenn:	Gísli Álfgeirsson, Halla Dagný Úlfisdóttir og Súsanna Sif Jónsdóttir

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fá inn þriðja varamann inn í stjórn félagsins þar sem einn stjórnarmeðlimur var búsettur á Akureyri. Því skipaði stjórnin 8 manns þetta árið en ekki 7 eins og venjan er. Þá voru stjórnarfundir 11 talsins á starfsárinu frá því að ný stjórn tók til starfa í júní á síðasta ári. Taka skal fram að ný stjórn tók ekki til starfa fyrr en í maí á síðasta ári.

Starfsmenn Krafts

Núverandi starfsmenn Krafts eru þær Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri, sem er í 100% starfi og Hrefna Björk Sigvaldadóttir, viðburðar- og fjáröflunarfulltrúi í 100% starfi. Þá tók til starfa nýr starfsmaður á 22 ára afmælisdegi félagsins þann 1. október 2021. Ingibjörg Bryndís Árnadóttir var ráðin í 100% starf við að gegna fræðslu - og hagsmunamálum hjá félaginu. Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur og umsjónarmaður Stuðningsnetsins, hefur gegnt 30% stöðugildi og verið sameiginlegur starfskraftur Krabbameinsfélagsins í 70% starfi og Krafts í 30% starfi. Samstarfssamningi félaganna varðandi ráðningarfyrirkomulag Þorra var sagt upp í maí 2021 þar sem Þorri tók við 100% stöðu sem teymisstjóri Ráðgjafarþjónustunnar. Ekki hefur verið ákveðið hvort ráðið verður í hans stöðugildi að nýju en Þorri fer enn með umsjón Stuðningsnetsins.

Þá er félagið með nokkra fasta verktaka og sjálfboðaliða í sérverkefnum hjá félaginu. Atli Már Sigurðsson - þjálfari FítónsKrafts, Hrefna Lind Einarsdóttir - umbrot á blaði, Bergur Ingi Pétursson - forritari, Kristín Þórsdóttir - markþjálfari, Laila Sæunn Pétursdóttir - markaðs- og kynningarfulltrúi, Ragnheiður Guðmundsdóttir - umsjónarmaður gönguhópsins Að klífa brattann, Rakel Erna Skarphéðinsdóttir - grafískur hönnuður, Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir - umsjónarmaður hlaðvarps Krafts og Tinna Stefánsdóttir - umsjónarmaður NorðanKrafts.

Stuðningsnetið, vinna sálfræðings og viðtalstímar á LSH

Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur, heldur utan um Stuðningsnet Krafts ásamt því að veita félagsmönnum okkar sálfræðiþjónustu. Á starfsárinu hefur sálfræðingur Krafts veitt 118 viðtöl sem 30 einstaklingar þáðu, en til samanburðar veitti hann á fyrra starfsári 163 viðtöl sem 62 einstaklingar þáðu. Þá hefur sálfræðingur fengið 24 beiðnir um jafningjastuðning, samanbórið við 51 í fyrra og haldið þrjú stuðningsfulltrúanámskeið og eitt endurmenntunarkvöld fyrir stuðningsfulltrúa. Áhyggjuefni er hversu mikið beiðnum hefur

fækkað á milli ára. Sem fyrr segir er Þorri ekki lengur starfsmaður Krafts en sinnir enn sálfræðiþjónustu hjá Ráðgjafarþjónustunni og hefur umsjón með Stuðningsnetinu. Vikulegir viðtalstímar á Landspítalanum hafa legið niðri síðasta starfsári vegna takmarkana á spítalanum vegna heimsfaraldurs. Við bindum vonir við að viðtalstímarnir geti farið af stað að nýju í sumar eða næstkomandi haust. Þá hefur framkvæmdastjóri verið með 16 viðtöl fyrir nýgreinda félagsmenn á starfsárinu og veitt þeim stuðning og hagnýtar upplýsingar.

Vefverslun, heimasíða og samfélagsmiðlar

Nýjasta varan í vefverslun okkar er grafískt plakát hannað og prentað af listakonunni Töru Tjörva. Hún hefur nú hannað tvenns konar plaköt fyrir okkur á árinum en bæði voru framleidd í takmörkuðu upplagi. Fyrsta útgáfa plakatsins seldist upp en samt sem áður voru það armböndin okkar sem voru söluhæsta varan okkar síðastliðnu 12 mánuði. Samstarf við þau fyrirtæki sem selja vörurnar okkar í umboðssölu hefur gengið vel og vonandi mun það samstarf halda áfram.

814 pantanir voru lagðar inn í vefverslun okkar á síðasta ári og seldust 2042 vörur, fyrir rúmlega 6,1 milljón króna. Sala í vefverslun hefur minnkað töluvert milli ára eða um tæpar 25 milljónir en sá munur er alfarið sökum húfusölu í áttakinu okkar sem var í byrjun árs 2021. Einnig frestaðist sala á nýju armbandi fram í komandi maí þar sem við þurfum að fresta vitundarvakningu félagsins vegna heimsfaraldursins.

Samfélagsmiðlar eru öflugur vettvangur fyrir félagið til að miðla og fræða og heldur Kraftur áfram að vekja athygli á málstaðnum með því að setja inn fræðsluefni með stuttum ráðleggingum, mýtum og tilvitnunum frá félagsmönnum ásamt því að nýta samfélagsmiðla til að auglýsa söluvörur og starfsemi félagsins. Instagram yfirtökur (e. takeover) halda áfram að vera mest skoðaða efnið á Instagram og hafa þeir sjö einstaklingar sem deildu sinni reynslu á síðustu 12 mánuðum, fengið góð og jákvæð viðbrögð. Félagið leggur áherslu á að vera virkt á samfélagsmiðlum og á síðasta starfsári póstuðum við að meðaltali 10 færslum á mánuði inn á Instagram fyrir utan Instagram yfirtökur og setjum við inn færslur á Instastory að meðaltali annan til þriðja hvern dag. Færslur inn á Facebook vegginn okkar eru töluvert fleiri, en þar deilum við einnig fréttum af heimasíðunni okkar og fleira efni af öðrum miðlum.

Þetta hefur reynst afar vel og eru fylgjendur á Instagram komnir yfir 6.000 en voru 4.900 fyrir ári síðan. Kraftur er einnig með Facebook síðu og Twitter. Flesta fylgjendur hefur félagið á Facebook eða um 14.500 sem er aukning um tæpa 500 fylgjendur milli ára.

Kraftur er með 14 Facebook-hópa sem notaðir eru sem upplýsingaveitur til félagsmanna og sem umræðuvettvangur, en misjafnt er milli hópa hve virkir þeir eru hverju sinni.

Útgáfustarfsemi og hlaðvarp

Kraftsblaðið kemur út einu sinni ári og er blaðið alla jafna sent til allra félagsmanna, á heilsugæslustöðvar og helstu lækna stofur og er því einnig dreift á allar deildir Landspítalans og til sjúkrahúsa á landsbyggðinni að auki var blaðinu dreift á N1 stöðvar víðsvegar um landið. Blaðið er einnig aðgengilegt í rafrænu formi inn á heimasíðu félagsins ásamt öllu útgáfuefni. Laila Sæunn Pétursdóttir sá um ritstjórn blaðsins en greinar voru skrifaðar af bæði

félagsmönnum sem voru í ritnefnd og af starfsmönnum Krafts. Blaðið var prentað í 2500 eintökum. Eins og undanfarin ár var styrktarlínum og auglýsingum safnað í blaðið og safnaðist að upphæð 4.113.000 króna.

Í nóvember var sem fyrr gefið út jólakort með fræðslu- og upplýsingaívafi sem sent var á alla félagsmenn og mánaðarlega styrktaraðila og öllum óskað gleðilegra jóla.

Kraftur fór af stað með þriðju seríu af hlaðvarpinu *Fokk ég er með krabbamein* í janúar. Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir dagskrárgerðarkona hefur umsjón með þáttunum en hún stjórnaði einnig annarri seríu. Nú þegar hafa verið teknir upp sex þættir en markmiðið er að gefa út tíu þætti í þessari seríu. Megináhersla þessarar þriðju seríu er fræðsla og skemmtun en reynt er að hafa jafnvægi í því að vera með þung og stundum erfiða málaflokka í bland við skemmtilegt spjall á léttum nótum. Að nýju eru þættirnir gefnir út í samstarfi við Vísi og hefur þáttaröðin fengið góða hlustun en allt á bilinu 1.000 til 6.000 manns hafa hlustað á hvern og einn þátt í þriðju seríunni það sem af er, og alltaf bætist í.

Helstu viðburðir á starfsárinu

Reykjavíkumaraþonið

Reykjavíkumaraþoninu var upphaflega frestað fram í september út af Covid en var síðan ákveðið að halda ekki hlaupið annað árið í röð. Íþróttabandalag Reykjavíkur og Íslandsbanki breyttu útfærslu á hlaupinu á þann hátt að einstaklingar gátu haldið áfram að safna fyrir sín félög og hvattir til að hlaupa sjálfir í sinni heimabyggð. Alls voru 57 einstaklingar sem skráðu sig til að hlaupa fyrir Kraft, en til samanburðar voru þeir 160 árið á undan. Alls safnaðist rétt um 4 milljónir króna samanborið við 4,8 milljónir árið á undan.

Við hjá Krafti ákváðum að halda haust- og hlaupahátíð Krafts í Elliðaárdalnum þann 11. september, þar sem hlauparar Krafts gátu komið saman og hlaupið sína hlaupaleið í Elliðaárdalnum og fagnað komandi hausti. Mikil stemning myndaðist í Elliðaárdalnum og komu rúmlega 100 manns saman fyrir utan Rafveituheimilið. Búið var að mæla út hlaupaleiðir og merkja þær með blöðrum og hvatningarskiltum og röðuðu klappstýrur sér á ýmsa staði í dalnum til að hvetja hlauparana áfram. Í lok hlaups var boðið upp á skemmtidagskrá með söngleiknum Hlið við Hlið eftir Frikka Dór og fólk gat gætt sér á vöfflum frá Vöfluvagninum. Auðvitað var þetta allt gert eftir kúnstarinnar reglum út frá samkomutakmörkunum á þeim tíma. Eins og áður gátu hlauparar okkar fengið hlaupabol frá félaginu sem þeir gátu nálgast á skrifstofu félagsins.

Alls söfnuðust 3,6 milljónir fyrir styrktarlínum á Þakkaropnu Krafts sem birtist í Fréttablaðinu eftir að áheitasöfnuninni lauk. Hlaupahópurinn Team Auður tók sig saman og hljóp fyrir Kraft og safnaði um 390.000 kr. Heildarhagnaður í kringum safnanir Reykjavíkumaraþonsins voru því alls tæplega 6,3 milljónir sem er frábært miðað við fámennan hóp hlaupara og ekki var haldið eiginlegt Reykjavíkumaraþon. Þess má geta að söfnunin nam 250.000 kr. meira heldur en í fyrra.

Perlað með Krafti

Perluviðburðir eru ennþá eftirsóttir hjá félaginu og hefur Hrefna haldið utan um og sinnt verkefnum þeim tengdum. Ekki var þó hægt að halda marga perluviðburð á starfsárinu vegna síbreytilegra samkomutakmarkana, en tekin var sú ákvörðun að hefja ekki perlun aftur fyrr en minna væri um samfélagssmit. Aðeins náðist því að halda sjö perluviðburði á starfsárinu. Við vonum að tilkoma nýs armbands, vorið 2022, muni sparka aftur lífi í perlunina og auka eftirspurn eftir viðburðum þannig að fjöldi þeirra verði svipaður og fyrir heimsfaraldur. Viðburðirnir eru mikilvægir fyrir félagið þar sem vörusala á slíkum viðburðum er á stór þáttur í fjárflyunartekjum þess og góður fræðslugrundvöllur. Alls seldust t.a.m. vörur fyrir 1,5 milljón á þessum sjö viðburðum sem haldnir voru og að auki voru perluð 2.400 armbönd.

Kröftug stráka- og kvennastund

Þann 21. október stóð Kraftur fyrir Kröftugri kvennastund í Hörpu í tilefni af bleikum október. Kraftmiklar konur komu og deildu reynslu sinni og hvert þær sækja sinn styrk en fram komu Lára Guðrún Jóhannudóttir, G. Sigríður Ágústsdóttir, Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, Eliza Reid og Ragnheiður Guðmundsdóttir. Um fundarstjórn sáu Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristjánsdóttir. Um 130 manns komu á Kröftugu kvennastundina. Kraftur stóð einnig fyrir tveimur Kröftugum strákastundum á Kexinu. Sú fyrri var haldin 4. nóvember 2021 og síðari 24. mars í tilefni af Mottumars. Um 50 karlmenn á öllum aldri komu í nóvember og hlýddu á Kára Kristján Kristjánsson, Hannes Rúnar Hannesson og Arnar Svein Geirsson miðla sinni reynslu. Á síðari stundina komu rúmlega 30 karlmenn saman og hlýddu á Róbert Jóhannsson, Pétur Helgason og Arnar Svein. Matti Osvald, heilsufræðingur og markþjálfari Ljóssins og Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur Krabbameinsfélagsins, héldu utan um báðar stundirnar.

Þjónusta og viðburðir fyrir félagsmenn

Síðasta ár var með skrítnasta móti þar sem þurfti að aflýsa fullt af viðburðum og þjónusta Krafts var færð í stafræna heima á tímabilum vegna samkomutakmarkana. Því er síðasta ár mun tíðinda minna en oft hefur verið, en Kraftur náði engu að síður að halda veglegt sumargrill en færa þurfti aðventukvöld félagsins í stafræna heima. Félagsmenn okkar á landsbyggðinni hafa fagnað stafrænu fyrirkomulagi þar sem það gefur þeim tækifæri á að nýta sér þjónustu félagsins betur og mæta á viðburði. Það er klárlega reynsla sem við getum nýtt til að bæta aðgengi félagsmanna okkar á landsbyggðinni. Þá bættust tvær nýjungar í þjónustu fyrir félagsmenn okkar bæði félagskort sem veita félagsmönnum afsláttarkjör hjá samstarfsaðilum Krafts og afmæliskort til félagsmanna. Um 110 einstaklingar gengu í félagið á síðasta starfsári.

Afmæliskort

Sú nýjung leit dagsins ljós að Kraftur sendir nú út fallegt afmæliskort til félagsmanna og óskar þeim til hamingju með afmælið. Kveðjan í kortinu minnir fólk á að skapa minningar og njóta litlu hlutanna í lífinu. Kortin eru send út einu sinni í viku.

Stafræn félagskort og lyfjakort

Kraftur hóf samstarf með Smart Solutions á árinu sem sérhæfa sig í umhverfisvænum lausnum sem snúa að því að leysa gömlu plast- og pappakortin af. Félagskort Krafts gefur félagsmönnum tækifæri á að auðkenna sig hjá ýmsum samstarfsaðilum félagsins og fá þannig sérkjör á vörum og þjónustu.

Á félagskortunum kemur einnig fram hvort viðkomandi er með lyfjastyrk eður ei. Hingað til hafa alltaf verið prentuð pappakort sem félagsmenn sýndu hjá Apótekanum en nú kemur það fram á rafrænu félagskortunum ef félagsmaður er með lyfjastyrk hjá Apótekanum. Enn sækja félagsmenn um endurnýjun á lyfjastyrk sínum á tveggja mánaða fresti og er þá dagsetningunni breytt handvirkt á kortinu en breytingarnar koma sjálfkrafa fram á stafræna félagskortinu. Nú hafa 210 félagsmenn sótt stafræna félagskortið í símann sinn.

FítónsKraftur

Breyting var á fyrirkomulagi FítónsKrafts síðasta haust þar sem FítónsKrafti var breytt úr því að vera endurhæfingarhópur fyrir unga krabbameinsgreinda með reglulegar æfingar í Heilsuklasanum í að vera vettvangur fyrir alla félagsmenn til að stunda líkamsrækt og útivist. FítónsKraftur starfar nú í formi námskeiða, viðburða, fjarþjálfunar og útivistar sem stuðlar að bættri heilsu og vellíðan fyrir alla okkar félagsmenn. Með þessari áherslubreytingu vill stjórnin fara úr því að einblína á bara endurhæfingu í að hvetja til hreyfingar og útivistar meðal jafningja. Ennfremur styrkir það áherslumun á Ljósinu og Krafti þar sem Ljósið sinnir nú endurhæfingu fyrir alla krabbameinsgreinda og viljum við að það sé fyrsta stopp fyrir unga einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í endurhæfingu en FítónsKraftur sé viðbót eða geti komið inn þegar liðið er á endurhæfinguna. Haldin hafa verið ýmis námskeið frá því í haust, má þar nefna Fyrstu skrefin í ræktina, Kraftfit (okkar crossfit) og jóganámskeið svo eitthvað sé nefnt. Þá höfum við enn verið að nýta okkur fjarþjálfunarforritið Fjarmedferð til að halda utan um fjarþjálfun fyrir félagsmenn okkar sem hefur samt verið nýtt í litlu magni.

Göngurnar með *Að klífa brattann* hafa verið á sínum stað og verið haldnar öllu jöfnu mánaðarlegar göngur í nágrenni við Reykjavíkursvæðið. Ragnheiður Guðmundsdóttir ásamt Atla Má Sveinssyni íþróttafræðingi hafa haldið úti göngunum. Mæting er upp og ofan en ávallt eru einhver ný andlit sem mæta.

Minningarsjóður

Minningarsjóður Krafts var stofnaður 9. júlí 2019 í minningu góðs félaga, Bjarka Más Sigvaldasonar, sem lést árið 2019. Tilgangur sjóðsins er að styrkja aðstandendur til að standa straum af útfararkostnaði þegar félagsmaður fellur frá vegna krabbameins eða afleiðingum þess. Allur ágóði af sölu minningarkorta félagsins rennur óskiptur í þennan sjóð. Á þessu starfsári hafa sjö manns hlotið styrk úr sjóðnum að upphæð 1.650.000 kr. en hver styrkur er að upphæð 250.000 kr. og er framlagið endurskoðað af stjórn ár hvert eftir að ársreikningur félagsins liggur fyrir.

Neyðarsjóður Krafts

Úthlutað var úr Neyðarsjóði Krafts tvisvar á síðasta starfsári. Fimm einstaklingar sóttu um í vorúthlutun 2021 og fjórir í haustúthlutun. Úthlutun á árinu nam samtals 3.033.000 kr. Stjórn félagsins fór í það á síðasta starfsári að endurskoða reglur neyðarsjóðsins og einfalda umsóknarferlið. Hefur það skilað sér í betra verklagi í kringum úthlutanir og auðveldað umsóknarferlið fyrir félagsmenn. Neyðarsjóðnum er ætlað að standa straum af kostnaði sem fellur utan greiðslubátttöku sem og öðrum tekjumissi sem getur hlotist vegna veikinda viðkomandi. Úthlutunarnefnd Neyðarsjóðsins fer með úthlutanir úr sjóðnum og samanstandur hún af þremur fulltrúum.

Styrkur til lyfjakaupa

Samningurinn milli Krafts og Apótekarans hefur ekki verði endurnýjaður en hann rann út um áramótin, en velvild er fyrir áframhaldandi samstarfi. Nú fá félagsmenn lyfjakort sem gildir í 2 mánuði í senn og fá áminningu þegar gildistíminn er að renna út. Alls bárust 268 beiðnir um endurnýjun lyfjastyrks sem er tæplega 65% aukning á umsóknum milli starfsára. Með tilkomu rafrænna félagsskírteina er nú auðveldara að afgreiða lyfjastyrkinn. Um 67 félagsmenn sóttu um lyfjakortið a.m.k. einu sinni á árinu.

Stuðningshópar

Kraftur heldur úti stuðningshópum fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur. Eftirfarandi stuðningshópar hafa verið starfræktir á starfsárinu.

StelpuKraftur. Stuðningshópur fyrir ungar konur sem greinst hafa með krabbamein og hittast annan hvern mánudag. Hópurinn er undir handleiðslu Huldu Hjálmarsdóttur.

AðstandendaKraftur. Vettvangur fyrir aðstandendur með mánaðarlegum viðburðum þar sem er bæði fræðsla, spjall og jafningjastuðningur. Í marsmánuði var ákveðið að breyta fyrirkomulaginu úr því að hafa lokaðan stuðningshóp í að hafa opin aðstandendakvöld einu sinni í mánuði með svipuðu ívafi. Hrefna Björk Sigvaldadóttir, starfsmaður félagsins, hefur umsjón með hópnum ásamt aðstandendanefnd sem er henni til halds og trausts.

StrákaKraftur. Stuðningshópur fyrir unga stráka sem greinst hafa með krabbamein. Starfsemi hópsins fór af stað að nýju á árinu eftir dágóða pásu sem við störtuðum með sérstöku strákakvöldi í samstarfi við Ljósið í október. Strákahópurinn hjá Krafti fór af stað í kjölfarið en hefur gengið fremur hægt vegna samkomutakmarkana. Ánægjulegt er að segja frá því að Ljósið og Kraftur hófu mikilvægt samstarf á árinu að halda betur utan um unga stráka sem greinst hafa með krabbamein. Hópurinn er undir handleiðslu Gísla Álfgeirssonar stjórnarmeðlims og stuðningsfulltrúa.

NorðanKraftur. Stuðningshópur fyrir unga krabbameinsgreinda og aðstandendur á aldrinum 18-45 ára, staðsettur á Akureyri. Hópurinn er unnin í góðu samstarfi við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Hefur hópurinn verið að hittast 1-2 sinnum í mánuði og er mæting að meðaltali í kringum fjórir manns. Tinna Stefánsdóttir er umsjónarmaður hópsins.

Lífið er núna helgi

Haldnar voru tvær Lífið er núna helgar. Annars vegar í júní í Ensku húsunum í Borgarfirði og hins vegar í Bjarnarfirði á Ströndum í lok október. Lífið er núna helgar eru hugsaðar fyrir bæði krabbameinsgreinda sem og aðstandendur til að hlaða batteríin í endurnærandi umhverfi



og er unnið að því að byggja sig upp líkamlega og andlega. Höfum við fengið fagaðila til að hafa aðkomu að helgunum með okkur, má þar nefna iðjuþjálfra, jógakennara og markþjálfra svo eitthvað sé nefnt. Helgarnar hafa verið vel sóttar en um 20 pláss eru laus í hverja ferð.

Markþjálfun

Kristín Þórsdóttir hefur boðið félagsmönnum Krafts upp á markþjálfun sem og kynlífsmarkþjálfun þeim að kostnaðarlausu. Alls voru veitt 46 viðtöl á síðasta starfsári og voru það um 13 félagsmenn sem nýttu sér þjónustuna sem er nánast helmingi fjölgun milli ára.

Mánaðarlegir viðburðir

Gerðar voru breytingar á fyrirkomulagi mánaðarlegra viðburða á vegum félagsins haustið 2021. Fram til þessa höfðu verið tveir opnir viðburðir í hverjum mánuði, annar sem var opin öllum félagsmönnum, þar sem áhersla var lögð á skemmtun fyrir alla fjölskylduna, en á hinum var lögð áhersla á hreyfingu og útivist og höfðu þeir sem nýttu sér FítónsKraft reglubundið forgang í skráningu. Með breytingu á skipulagi FítónsKrafts var ákveðið að sameina opnu viðburðina og hafa aðeins einn viðburð í mánuði og leggja áherslu á að bjóða upp á útivist og hreyfingu. Það gekk upp og ofan að halda þessa viðburði í ljósi breytilegra samkomutakmarkana liðins árs og oft féllu viðburðir óvænt niður.

Fjármál og styrkir

Mikil áhersla er lögð á ábyrga fjármálastjórn og ráðdeild í rekstri. Kraftur byggir afkomu sína eingöngu á frjálsum framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Helstu kostnaðarliðir Krafts eru húsaleiga, laun og launatengd gjöld fyrir starfsmenn sína og rekstur þjónustubátta fyrir félagsmenn sem og kostnað vegna viðburða og námskeiða. Þess ber að geta að í nóvember tóku ný lög gildi að einstaklingar og fyrirtæki eiga rétt á skattaafslætti frá skattskyldum tekjum vegna gjafa og framlaga til almannaheillafélaga. Það nýtist Krafti svo sannarlega til góða og er hvati fyrir einstaklinga og fyrirtæki að láta gott af sér leiða til samfélagsins.

Stærstu styrkir sem bárust á starfsárinu voru 6,3 milljónir sem komu í gegnum áheit vegna Reykjavíkumaraþonsins og þakkaropnu vegna þess. Kraftur fékk um 7,8 milljónir króna frá VÍS sem er sú upphæð sem safnaðist á árinu í verkefninu „Gerðu heiminn örlítið betri“ þar sem einstaklingar gátu valið um að gefa 1% af váttryggingarfjárhæð til góðgerðarmála. Heilbrigðisráðuneytið veitti félaginu 2 milljóna króna styrk fyrir Festivali og þýðingu á efni. Þá veittu Oddfellowstúkurnar Soffía og Bergþóra Krafti samanlagt 2 milljónir sem þau óskuðu eftir að væri nýtt til að standsetja nýtt húsnæði félagsins og bæta tækjakost þess. Eins styrktu KEA og Norðurorka starf NorðanKrafts fyrir 450.000 krónur.

Margir hugsuðu til félagsins og lögðu sitt af mörkum fyrir málstaðinn. Meðal annars snoðaði Agla Björg Kristjánsdóttir sig eftir að hafa safnað áheitum fyrir tæpar 2 milljónir króna, Tupperware Nordic seldu bleikar vörur til styrktar Krafti fyrir 470.000 krónur.

Hlaupahópurinn FÍ fjallahlaup hljóp hring eftir hring í 24 tíma boðhlaupi til styrktar Neyðarsjóði Krafts og söfnuðu 641.500 krónum. Nettó styrkti félagsmenn með 500.000 krónum í formi gjafabréfa sem deildist niður á félagsmenn sem sóttu um að fá gjafakort fyrir jólin. Sigurður Ingvarsson og fjölskylda í Garði styrkti félagið um 500.000 krónur, Ísfélagið

Vestmannaeyjum styrkti félagið um 5 milljónir króna í tilefni af 120 ára afmæli Ísfélagsins, stafræna listagallerí-ið Apollo Art safnaði 500.000 krónum fyrir félagið með sölu á gjafabréfum og Berglind Þráinsdóttir seldi macro-ljósmyndir fyrir 610.000 krónur til styrktar félaginu.

Á hverju ári er farið í fjáröflunarverkefni með Kaupum til góðs þar sem selt er konfekt í sérmerktum umbúðum merkt Krafti. Fyrir síðustu jól var ákveðið að hætta með Nóa Konfekt vegna verðhækkana og ákveðið í framhaldi að fara í samstarf við Omnom og selja súkkulaðiþlötur sem framleiddar eru í takmörkuðu upplagi fyrir hver jól. Sala var vonum frammar og var eftirspurn mun meiri en framboð og því augljóst að mikið rými er fyrir aukna sölu um næstu jól. Hagnaður af sölnni í ár nam tæpum 4 milljónum kr. sem var eilítið minna en í fyrra, en það er einungis vegna lægra söluverðs vörunnar, því alls seldust rúmlega 300 fleiri pakkningar.

Mánaðarlega styrktarsamfélag Krafts heldur áfram að eflast og eru nú samtals 2.532 einstaklingar sem að borga að meðaltali 1.622 kr. á mánuði til félagsins. Á tímabilinu maí 2021 til apríl 2022 bættust við 783 nýir styrktaraðilar. Langstærsti hlutinn eða 97% sem bættist við á tímabilinu kom í gegnum umbreytingu kaupenda úr vefverslun þar sem hringt er í kaupendur og þeim þakkað fyrir stuðninginn og boðið að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Þess má geta að heildarinnkoma í síðasta mánuði nam 3.979.977 kr. Í heildina námu mánaðarlegir styrkir fyrir árið 2021 39 milljónum króna. Stefnt er að það því að mánaðarlegir styrktaraðilar geti staðið að mestum hluta undir rekstri, launum og launatengdum gjöldum félagsins. Það skal áréttað að þessar tölur fylgja tímatali ársreiknings félagsins sem er frá 1. janúar 2021 til 31. desember sama ár. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi félagsins hér síðar.

Nýtt húsnæði

Kraftur tók nýtt húsnæði til leigu í desember 2021 og hefur verið undir endurbótum síðan þá. Um er að ræða húsnæði á jarðhæð Krabbameinsfélagsins þar sem skrifstofa félagsins er nú þegar til staðar en fær Kraftur stærra svæði til umráða. Núverandi húsnæði félagsins var búið að sprengja utan af sér þar sem bæði bættist við nýr starfsmaður á árinu en einnig hafa umsvif félagsins aukist og lítið pláss til að taka á móti félagsmönnum og gestum í núverandi rými. Hið leigða húsnæði var 45 fm en verður 108,9 fm þegar húsnæðið hefur verið tekið í notkun nú á vormánuðum. THG arkitektar hafa gefið vinnu sína við að teikna upp nýtt rými en bætt verður við kaffiaðstöðu, fundarrými og litlu samkomurými fyrir gesti og félagsmenn. Leiga félagsins hækkar töluvert og hefur Kraftur skuldbundið sig með samningi til fimm ára með 9 mánaða uppsagnarákvæði. Leigan er nú 400.000 kr. á mánuði og er hún verðtryggð.

Sýndu Kraft í verki

Sökum Covid-19 faraldursins og samkomutakmarkana var ákveðið að fresta árvekni og fjáröflunarátaki Krafts um nokkra mánuði. Vanalega stendur Kraftur fyrir slíku í janúar en þar sem söluvarningur 2022 verður armband sem er perlað af sjálfboðaliðum var ákveðið að fresta fram til maí. Þá er á dagskrá að halda góðgerðarhlaupið Lífið er núna 14. maí og vera með Perluviðburð í Hörpu þann 22. maí og slá þá Íslandsmetið í perlun armbanda sem var sett árið 2018. Markmiðið með áttakinu verður að segja sögur félagsmanna á samfélagsmiðlum



sem og öðrum miðlum og vekja athygli á málstaðnum og selja ný Lífið er núna armbönd til styrktar félaginu.

Fræðslu- og hagsmunamál

Kraftur hefur ekki látið sitt eftir liggja þegar kemur að hagsmunabaráttu krabbameinsgreindra og aðstandenda. En á síðasta starfsári var ráðinn inn fræðslu- og hagsmunafulltrúi félagsins í 100% stöðu til að setja meira vægi í hagsmunabaráttu og fræðslumál félagsins. Með ráðningu nýs starfsmanns sem tók til starfa 1. október síðastliðinn bindum við vonir við að við getum með markvissari hætti sinnt hagsmunagæslu þar sem við getum veitt stjórnvöldum aðhald og bent á það sem betur má fara í þessum málaflokki. Með því viljum við vera meira fyrirbyggjandi heldur en við séum alltaf að bregðast við bagalegum aðstæðum sem koma upp þótt það verði ekki ætíð hjá því komist. Jafnframt viljum við efla fræðsluþátt félagsins og erum nú þegar byrjuð að leggja línurnar hvernig við getum nýtt perluviðburði félagsins sem fræðsluvettvang fyrir þá sem leggja okkur lið.

Félagið hefur beitt sér fyrir hinum ýmsu hagsmunamálum krabbameinsgreindra síðastliðið ár. Þar ber helst á góma sligandi tannlæknakostnaður fyrir þá sem takast á við slíkar síðbúnar afleiðingar eftir krabbameinsmeðferð. Áttum við fund með fulltrúum frá Sjúkratryggingum Íslands þar sem meðal annars var rætt um þann háa kostnað sem til fellur á þá krabbameinsgreindu einstaklinga sem takast á við verri tannheilsu eftir krabbameinsmeðferð. Rætt var um fyrirbyggjandi leiðir til að fólk falli ekki milli skips og bryggju og hvernig kerfið getur betur tryggt það að fólk láti taka út tannheilsu sína áður en meðferð hefst.

Þá sendi félagið einnig tillögu að breytingum á reglugerð um tæknifrjóvganir til Heilbrigðisráðuneytisins hvernig þarf að breyta reglugerðinni til þess að krabbameinsgreindir geti nýtt sér þá niðurgreiðslu sem Sjúkratryggingar Íslands veita við uppsetningu fósturvísis. En eins og staðan er í dag fá krabbameinsgreindir niðurgreiðslu á kynfrumusöfnun og varðveislu en ekki á uppsetningu fósturvísis þar sem það er ekki gert á sama tíma heldur eftir að krabbameinsmeðferð lýkur.

Verið er að leggja lokahönd á stefnu félagsins í hagsmunagæslu fyrir árið 2022 sem gefur okkur markvissari sýn á hvað við viljum beita okkur fyrir.

Eins og síðustu þrjú sumur fór Kraftur af stað með vitundarvakninguna *Krabbamein fer ekki í frí* sem snýr að því að vekja athygli á því að þótt fólk fari í sumarfrí þá fer krabbamein ekki í frí. Oft getur verið minni starfsemi og þjónusta yfir sumartímann í heilbrigðisgeiranum og kvartar fólk oft undan takmarkaðri þjónustu. Tók félagið saman upplýsingar um opnunartíma og þjónustu til að miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Jafnframt bauð Kraftur upp á viðburði í júlí fyrir félagsmenn til að koma saman, njóta útivistar og líðandi stundar.

Ungt fólk og krabbamein - fyrirlestraröð Krafts

Haustið 2017 hófust reglulegir fræðslufundir á vegum Krafts undir yfirskriftinni „*Ungt fólk og krabbamein*“. Flestir fræðslufyrirlestrarnir sem fram fóru árið 2021 voru rafrænir þar var tæpt á áhugaverðum málefnum svo sem líkamlegri og andlegri heilsu og samskiptum.

Rafrænu fyrirlestrarnir voru fjórir talsins. Að auki stóð félagið fyrir þremur stórum fræðslukvöldum fyrir konur og karla til að fræðast og deila reynslu.

Lokaorð

Það má með sanni segja að síðasta starfsár félagsins hafi verið með óhefðbundnu móti þar sem fresta þurfi mörgum viðburðum félagsins vegna samkomutakmarkana. Við að sjálfsögðu létum ekki deigan síga heldur fundum lausnir þannig að félagsmenn okkar gætu haldið áfram að njóta þjónustu okkar án takmarkana. En það má klárlega segja að þetta starfsár var tíðindameira heldur en árið á undan varðandi viðburði og stuðning við félagsmenn.

Það er einkar ánægjulegt að Kraftur fór af stað með rafræn félagskort og lyfjakort sem við erum viss um að nýtist félagsmönnum afar vel og getur komið til með að þróast og vaxa á komandi tímum. Þá var einnig hafið mjög mikilvægt samstarf við Ljósið um hvernig við getum beitt sameinuðum kröftum okkar í að bæta þjónustu og taka betur utan um þá ungu stráka sem greinast með krabbamein en þeir leita mun síður stuðnings í þjónustu Ljóssins og Krafts samanborið við stelpurnar.

Breytingar hafa verið á starfi félagsins síðastliðið starfsár þar sem sálfræðingur hætti störfum, breyting var á fyrirkomulagi FítónsKrafts og nýr starfsmaður sem sinnir hagsmunamálum og fræðslu var ráðinn til starfa. Það er mikilvægt að Kraftur sé í stöðugri hlustun á þarfir og raddir krabbameinsgreindra og aðstandenda svo starfsemi félagsins endurspegli hvar þörfin er mest hverju sinni. Á næsta starfsári munum við halda áfram því góða starfi sem þegar hefur verið unnið og nýta þá fjármuni sem safnast hafa til að bæta innviði og aðbúnað félagsins sem og að nýta fjármuni í þágu félagsmanna eins og best verður á kosið. Við hjá Krafti erum alltaf opin fyrir því að heyra raddir og þarfir okkar félagsmanna og hvernig félagið getur mætt þeim hvað best.

Einnig er það mikið fagnaðarefni að félagið hafi náð að komast í gegnum þessa krefjandi tíma og hafi það ekki komið niður á fjárhag félagsins þar sem gengið hefur vel í fjáröflun eins og ársreikningur félagsins gefur til kynna. Það er í raun ákveðinn vísbending hvað félagið okkar nýtur mikils velvilja og er vel kynnt út á við í samfélaginu sem bersýnilega er að skila sér. Árangur félagsins hefði aldrei náðst nema fyrir tilstilli eldhuga í stjórn félagsins, sjálfbóðaliða og starfsmanna á hverjum tíma. Það eru þau sem skapa frumkvæðið og drifkraftinn í félaginu á hverri stundu og er baráttuandinn sem einkennt hefur félagið alla tíð og okkur ber að varðveita.

Fyrir hönd stjórnar Krafts vil ég þakka öllum þeim sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins á árinu. Kraftur er lítið félag með stórt hjarta sem slær í takt með félagsmönnum sínum.



Ný rödd

Stofndagur: 20. Desember 1980

Fjöldi félagsmanna: 22



Stjórn:

Aðalfundur var haldinn 9. desember 2021

Þá var kosin stjórn félagsins en í henni sátu:

Formaður: Ragnar Davíðsson

Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson

Meðstjórnandi: Stefán Kr. Sverrisson

Varamaður: Ómar Einarsson

Endurskoðandi: Jónas Ragnarsson

Endurskoðandi til vara: Gunnjóna Una Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri/Starfsmaður: Ragnar Davíðsson

Haldnir voru 5 stjórnarfundir á árinu.

Stjórn tók þátt í 2 fundum hjá KÍ

Stjórn tók þátt í 1 viðburði fyrir hönd félagsins á árinu.

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir ásamt stuðning og jafningjafræðslu eru fastir liðir í starfsemi. Rannsóknir sýna að þeir sem taka þátt í stuðningshópum líður oft betur og upplifa aukin lífsgæði. Þeir eru líklegri til að hafa meiri von og eru oft ákveðnari í því að takast á við viðfangsefnið.

Fulltrúar Nýrrar raddar hafa gegnum tíðina sótt norrænar ráðstefnur systurfélaga á Norðurlöndum, þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlislausra, miðlun upplýsinga og fjallað um framfarir í lækningum og aðgerðum.

Starfsemi

Félagsfundir voru ekki verið haldnir með líku sniði og fyrri ár þegar hægt var að funda á tveggja mánaða fresti. Stjórnarfundir hafa farið fram bæði á Zoom og þegar færi hefur gefist til að hittast, en Covid 19 hefur reglulega sett strik í reikningin og litað starfsemi síðasta árs. Félagsmenn sóttu fund með framleiðendum hjálpartækja á árinu. Samstarf félagsins hefur verið með teymi talmeinafræðinga á Landspítala um miðlun jafningjafræðslu og samvinnu við sjúklinga og aðstandendur, fyrir og eftir aðgerðir.

Útgáfumál og fræðsluverkefni

Ekki hefur tekist að ljúka vinnu við útgáfu á kynningarriti fyrir þá sem þurfa að fara í barkakýlisbrotnám en vonandi lýkur því á þessu ári. Þessar leiðbeiningar munu vonandi gagnast aðstaðandendum og þeim sem áhuga hafa á til að kynna sér þetta málefni frekar. Sótt hefur verið um styrki fyrir verkefnið.



Markaðsstarf og kynningarmál

Heimasíða félagsins

Til stendur að uppfæra og endurgera heimasíðu félagsins.

Samstarf

Ný rödd er aðili að Öryrkjabandalagi Íslands frá 2015. Formaður og stjórnarmenn sækja fundi hjá ÖBÍ og taka virkan þátt um hagsmunamál skjólstæðinga ÖBÍ. Fulltrúi Nýrrar raddar er í laganefnd ÖBÍ.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var jákvæð.

Lokaorð

Árið hefur verið litað Covid 19 en þrátt fyrir það hefur stafræn tækni komið vel að notum í mannlegum samskiptum. Neikvæða við það eru auðvitað við höfum síður tækifæri til að hittast saman.

f.h. stjórnar

Ragnar Davíðsson, formaður



Stómasamtök Íslands

Stofnuð: árið 1980

Fjöldi félagsmanna: 300

Stjórn:

Formaður:	Jón Þorkelsson
Varaformaður:	Eva Bergmann
Fulltrúi ungliða:	Jónína Rós Guðfinnsdóttir
Meðstjórnandi:	Inger Rós Jónsdóttir
Ritstjóri:	Sigurður Jón Ólafsson

Starfsárið 2021-2022 var mjög óhefðbundið, líkt og árið á undan og mjög lítið að gerast hjá félaginu vegna samkomubanns sem fylgdi COVID19 faraldrinum. Þó náðist að halda tvo eða þrjá almenna félagsfundi á starfsárinu en aðalfundur samtakanna var haldinn í maí eins og lög gera ráð fyrir. Ekki voru haldnir margir stjórnarfundir vegna Covid 19 ástandsins en þeim fjölgaði þó þegar leið á starfsárið og fóru þá ýmist fram á netinu eða með mætingu stjórnarmanna á fundarstað. Loks tókst að halda auglýstan afmælisfagnað en samtökin urðu 40 ára í október 2020.

Innlent samstarf:

Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan KÍ eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi KÍ. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund ÖBÍ. Einnig sat formaður samtakanna í kjörnefnd ÖBÍ níunda árið í röð.

Erlent samstarf:

Loksins tókst að senda stómavarning til Úkraínu og Zimbabwe, en samt sem áður erum við allnokkrar birgðir í geymslu sem stendur.. Samtökin hafa ekki enn getað notað styrk í þágu stómaþega í Afríku, í Zambíu að þessu sinni, en það tekst væntanlega núna í haust.

Formaður samtakanna var áfram forseti Evrópusamtakanna, EOA, og leiddi stjórnarstörf.

Stjórnarfundir fóru fram í gegnum netið

Norrænn ráðstefna var haldin í Noregi, í september 2021 eftir undirbúning norsku stómasamtakanna og norrænn formannafundur var haldinn í Reykjavík í mars síðastliðnum..Einnig fögnuðu norsku stómasamtökin 50 ára afmæli sínu í október og sömuleiðis dönsku samtökin sem urðu 70 ára á svipuðum tíma. Formaður Stómasamtakanna tók þátt í báðum þessum atburðum. Norræn ráðstefna verður síðan væntanlega haldin í september á næsta ári hér á landi.

Útgáfumál:

Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út tvisvar á starfsárinu en það seinna var fréttablað nr. 172 og var sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Í þessu fréttabréfi var tilkynnt að fleiri yrðu þau ekki í prentuðu formi en búast mætti við því að heimasíðan, sem virkar mjög vel um þessar mundir, myndi taka við sem fréttamiðill samtakanna. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is .



Almennt:

Í lok starfsársins voru félagsmenn ríflega 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Þar fyrir utan dreifast stómaðegar um allar byggðir landsins. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Er þar helst að þakka styrkjum frá Krabbameinsfélaginu og Öryrkjabandalaginu.

Virðingarfyllt,

Jón Þorkelsson, formaður Stómasamtaka Íslands.